

Lokaverkefni til B.Ed. –prófs

Samstarf heimila og skóla frá sjónarhorni kennara á Íslandi og í Englandi

Eru ánægðir foreldrar bestu bandamenn kennara?

Halldóra Gísladóttir
300955-5419

Kennaraháskóli Íslands
Grunnskólabraut
Maí 2007

Ágrip

Viðfangsefni þessarar rannsóknar er að kanna viðhorf grunnskólakennara til formlegs foreldrasamstarfs. Leitast var við að fá fram skoðun þeirra á samstarfi heimila og skóla og þær áherslur sem þeir telja mikilvægastar. Einnig voru kannaðar nýlegar rannsóknir varðandi foreldrasamstarf. Rannsóknin byggist á eigindlegri aðferð þar sem gögnum var safnað með einu ítarlegu viðtali við fjóra kennara í tveimur löndum. Markmiðið var að kanna viðhorf þeirra til samstarfsins og þær áherslur og leiðir sem þeir leggja mest upp úr í kennarastarfinu. Fengnir voru fjórir viðmælendur í tveimur löndum sem kenna tólf ára nemendum til þess að kanna viðhorf þeirra til samvinnu heimila og skóla. Niðurstöður rannsóknarinnar benda eindregið til mikilvægis samstarfs heimilis og skóla. Það hefur hvetjandi áhrif á nemendur, bæði náms- og félagslega, og styrkir þá verulega í nútíma þjóðfélagi. Kennararnir voru sammála um að góður stuðningur foreldra sé afar mikilvægur og skili sér á jákvæðan hátt í starfi þeirra en þó mætti gjarnan vera meira samband við foreldra tólf ára barna. Góð samvinna kennara og foreldra skiptir miklu máli og skilar góðum árangri í skólastarfinu og aðstoð við heimanám getur meðal annars bætt námsárangur nemenda. Niðurstöður rannsóknarinnar benda eindregið til mikilvægis góðrar samvinnu þessara aðila og að kennarar geri sér grein fyrir því að ánægðir foreldrar eru bestu bandamenn þeirra¹⁾.

1) Lilja M. Jónsdóttir, 2003.

Abstract

The subject of this research is to find out the attitudes of four elementary teachers towards formal parent collaboration between homes and schools. The research is based on four separate interviews with four teachers, in two countries, who teach twelve year old children in four different schools, - two in Iceland and two in England. It was my endeavour to obtain their opinions concerning the collaboration between homes and schools and to review their emphasis and ways which they believe are important to work with. Recent research was also reviewed concerning theories about formal parent collaboration from the speculative point of view. Motivation for this subject was to look at any contribution of partnerships between homes and schools. The research is built upon qualitative research methods as the data was collected by one in-depth interview with four teachers in two countries. It was done to review their attitudes, to build up and contribute progressive cooperation between homes and schools. The result of this research indicates significant cooperation between homes and schools. It has had an encouraging effect on students both in studies and sociologically and it also gives them more strength in modern society. The teachers were unanimous that good support from parents with homework is very important and can be seen by the positive way the students work. Each interviewee agreed that participation should be increased in the case of the parents of twelve year old children. Good cooperation between teachers and parents is vital and helps with building up a successful education programme leading to improving the study of the pupils. The results of this research indicates strongly the importance that these parties should work together in the same team and the teachers must also be aware of the fact that contented parents are their best allies.

Formáli

Ritgerð þessi fjallar um formlegt foreldrasamstarf í tveimur löndum, Íslandi og Englandi, með áherslu á Íslandi og rannsókn á viðhorfi fjögurra kennara til samstarfsins í hvoru landi fyrir sig.

Ég hef búið í Bretlandi í tæp sex ár og ákvað því að rannsaka hvernig foreldrasamstarfi er þar háttað hjá tólf ára nemendum og bera saman við Ísland og kanna hvað sé líkt og hvað ólíkt í þeim efnum. Mér fannst viðfangsefnið mjög áhugavert og langar að kynnast þessum fræðum enn betur til að dýpka skilning minn en fjöldi erlendra og íslenskra rannsókna sýna fram á mikilvægi foreldrasamstarfs.

Við valið á viðfangsefninu hafði ég einnig í huga að allt starfsfólk grunnskóla, ásamt foreldrum og áhugamönnum um skólamál, geti nýtt sér rannsóknina í faglegri umfjöllun í þeim tilgangi að efla enn betur samskipti heimila og skóla í framtíðinni.

Ég vil þakka leiðbeinanda mínum Lilju M. Jónsdóttur lektor við Kennaraháskóla Íslands, fyrir góða leiðsögn, sérfræðilega aðstoð og yfirlestur. Kennurunum fjórum sem tóku þátt í rannsókninni færi ég mínar bestu þakkir fyrir að veita mér innsýn í reynslu sína varðandi samstarf heimila og skóla. Einnig þakka ég Kristínu Láru Ragnarsdóttur BA í bókasafns- og upplýsingafræði og Helgu Hallbergdóttur BA í íslensku fyrir yfirlestur textans.

Elloughton, 1. maí 2007

Halldóra Gísladóttir

Efnisyfirlit

| | |
|---|-----------|
| INNGANGUR | 5 |
| 1. FRÆÐILEG UMFJÖLLUN UM FORMLEGT FORELDRASAMSTARF | 8 |
| 1.1 LÖG OG REGLUGERÐIR UM FORELDRASAMSTARF | 8 |
| 1.1.1 Ísland | 8 |
| 1.1.2 England | 11 |
| 1.1.3 Samanburður á löndunum tveimur | 14 |
| 1.2 SAMSTARF HEIMILA OG SKÓLA | 15 |
| 1.3 SAMANTEKT | 19 |
| 2. RANNSÓKNARAÐFERÐIR | 20 |
| 2.1 ÞÁTTTAKENDUR | 20 |
| 2.2 GAGNASÖFNUN | 21 |
| 2.3 AÐFERÐ VIÐ SAMTÖLIN | 21 |
| 2.4 SKÓLARNIR | 22 |
| 2.5 VIÐMÆLENDUR | 24 |
| 3. HELSTU NIÐURSTÖÐUR | 26 |
| 3.1 VIÐHORF KENNARA TIL FORELDRASAMSTARFS | 26 |
| 3.2 UPPLÝSINGAMIÐLUN Í FORELDRASAMSTARFI | 27 |
| 3.3 FORELDRASAMSTARF ER LYKILL AÐ GÓÐRI LAUSN | 27 |
| 3.4 FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR OG FJÖLMENNINGARLEGT SAMFÉLAG | 29 |
| 3.5 VIÐHORF KENNARA TIL ÝMISSA LEIÐA Í FORELDRASAMSTARFI | 31 |
| 3.6 ÞRÓUN SAMSTARFS HEIMILA OG SKÓLA | 33 |
| 4. UMRÆÐA UM NIÐURSTÖÐUR | 35 |
| LOKAORÐ | 41 |
| HEIMILDASKRÁ | 43 |

Inngangur

Samstarf heimila og skóla er talinn mikilvægur þáttur í árangursríku skólastarfi en þar taka allir höndum saman til að vera virkir þátttakendur í starfi skólans. Þrír hópar mynda skólasamstarfið í hverjum skóla en það eru starfsfólk skólans, nemendur og foreldrar þeirra og eru hagsmunir barnins ætíð hafðir að leiðarljósi. Með foreldrasamstarfi er átt við að gott upplýsingastreymi sé á milli þessara aðila og að foreldrar verði virkir þátttakendur í skólastarfinu. Aðstoð foreldra við heimanám barna sinna er mjög mikilvægur hlekkur í öllu skólastarfi og einnig allur félagslegur stuðningur.

Talið er að fjölskyldan, nánasta umhverfið og skólinn séu sterkustu áhrifavaldar í mótun hvers einstaklingsins og móti þá bæði í þroska og félagsmótun og þess vegna skiptir samstarf og samábyrgð þessara aðila miklu máli. Foreldrar bera að sjálfsögðu frumábyrgð á uppeldi á barni sínu og það eru þeir sem búa yfir mestri vitneskju um það. Þess vegna er mikilvægt að þeir fylgist vel með skólagöngu barnsins frá fyrsta degi og hafi gott samband við kennara og að þeir finnist þeir vera velkomnir inn í grunnskólann. Vestræn þjóðfélög hafa breyst mikið á undanförunum áratugum og nemendur eyða meirihluta dagsins innan veggja skólans með kennaranum og starfsfólki þess. Afleiðing þessa er meðal annars sú að skólinn tekur að hluta til mikinn þátt í uppeldi barnsins og þessir aðilar verða því að koma sér saman um meginviðmið varðandi uppeldi og nám. Þess vegna er afar mikilvægt að gott samstarf á milli heimila og skóla eigi sér stað til að stuðla að þroska og menntun barnsins en þannig veita þessir aðilar barninu mestan stuðning.

Verkefni þetta er lokaverkefni til B.Ed. prófs við Kennaraháskóla Íslands. Markmiðið með verkefninu er að skoða samstarf heimila og skóla frá sjónarhorni kennara þar sem fjallað er um helstu áherslur og leiðir sem eru ríkjandi í foreldrasamstarfi. Einnig að kanna hvaða tilgangi samstarfið þjónar og að fjalla um helstu hugmyndir varðandi samstarfið og hvernig eigi að stuðla að virku samstarfi við foreldra. Ástæða þess að ég valdi þetta viðfangsefni er sú að mér finnst það mjög áhugavert og tel mikilvægt að kennarar kynni sér íslenskar og erlendar rannsóknir sem gerðar hafa verið um foreldrasamstarf. Kennari sem tileinkar sér slíka þekkingu dýpkar vitneskju sína á viðfangsefninu og er betur í stakk búinn að vera faglegur í starfi. Þannig getur hann verið leiðandi í foreldrasamstarfinu og stutt við bakið á

foreldrum á jákvæðan hátt og átt fleiri úrræði í farteskinu þegar slík mál koma upp varðandi samstarfið.

Viðfangsefnið vakti áhuga minn strax í upphafi kennaranámsins og sem foreldri hef ég skilning á mikilvægi þess að gagnkvæmt samstarf á milli heimila og skóla skiptir miklu máli fyrir barnið. Mér sýnist að gott foreldrasamstarf geti skipt sköpun varðandi framtíð barnsins og veit auðvitað að foreldrar vilja að barninu þeirra líði sem allra best í skólanum þar sem þau dvelja meirihluta dagsins. Sem foreldri í nútíma upplýsingaþjóðfélagi geri ég mér sterka grein fyrir því að við getum haft mikil áhrif á skólastarfið með virkri þátttöku en það gefur okkur meiri möguleika til að stykja barnið bæði náms- og félagslega. Við foreldrar skynjum að sterkur bakhjarl er dýrmætur barni okkar og að góð samvinna við kennara þar sem barnið er miðpunkturinn í öllu samstarfi skiptir miklu máli. Ég tel að í flestum tilfellum leggi foreldrar sig fram af heilum hug við að aðstoða barn sitt með heimanám og þeir geri sér grein fyrir að jákvæður stuðningur og hvatning að heiman skilar sér margfalt til baka í skólagöngu barnsins. Mín reynsla er sú að þeir foreldrar sem fylgjast vel með öllu skólastarfi og eiga góð samskipti við kennarann geri sér betur grein fyrir því strax í upphafi ef eitthvað er að hjá barninu. Mér finnst mikils virði að þeir ræði við kennarann til að leita lausna á vandamálum enda er ekkert of gott eða nógu gott þegar framtíð barnsins er í húfi. Það er vegna þessara hugmynda og mikils áhuga á viðfangsefninu að mér finnst vera ástæða til að rannsaka samstarfið enn frekar.

Í ljósi þessa áhuga míns ákvað ég að gera litla rannsókn á viðhorfum kennara til foreldrasamstarfs. Lokaverkefnið greinir frá niðurstöðum á viðhorfum fjögurra kennara til foreldrasamstarfs í fjórum skólum sem kenna tólf ára nemendum, tveimur á Íslandi og tveimur í Englandi, og samanburði á niðurstöðum. Ástæða þess að ég ákvað að kanna einnig viðhorf tveggja kennara í Englandi er sú að þar hef ég búið í tæp sex ár. Ég hef fylgst með ensku skólastarfi á þessu tímabili og langar þess vegna að kynna mér nánar enskt skólasamfélag. Þetta er eigindleg rannsókn og er tilgangur hennar sá að kanna viðhorf þessara kennara til foreldrasamstarfsins og bera það saman í þessum tveimur löndum, með áherslu á Ísland. Megin rannsóknarspurningin er: *Hver eru viðhorf þín til foreldrasamstarfs?* Viðtalið var byggt upp á eftirfarandi spurningum ásamt fjölda undirspurninga (sjá fylgiskjal 1).

1. Hver er bakgrunnur kennara?
2. Hver er stefna skólans sem hann kennir við í foreldrasamstarfi?

3. Hver eru viðhorf kennarans almennt til foreldrasamstarfsins?
4. Hver eru viðhorf kennarans til foreldrasamstarfsins sem er í vetur hjá honum?
5. Hver eru viðhorf kennarans til ýmissa leiða í foreldrasamstarfi?
6. Hvernig myndi hann vilja hafa samstarfið í framtíðinni?
7. Hvert er viðhorf kennarans til almenns og formlegs skólastarfs það er til ýmissa laga og reglna?

Spurningarnar voru valdar með það í huga að kanna viðhorf kennara til samstarfsins, hver reynsla þeirra væri af foreldrasamstarfi, helstu áherslur og leiðir sem þeir telja mikilvægastar og hvernig þeir gætu hugsað sér að framhaldið yrði.

Verkefnið skiptist í fjóra meginkafla. Að loknum inngangi er í fyrsta kafla fjallað um formlegt foreldrasamstarf eins og það birtist í skrifum um rannsóknir á því og lögum og reglugerðum. Í öðrum kafla er gerð grein fyrir hvernig gagnasöfnun fór fram í rannsókninni. Þar verða skólarnir og viðmælendurnir kynntir til sögunnar og fjallað um viðhorf þeirra til samstarfs heimilis og skóla. Í þriðja kafla eru sjálfar niðurstöður rannsóknarinnar kynntar. Í fjórða kafla er umræða um niðurstöðurnar og hugsanlegar tillögur til úrbóta og að síðustu er nokkur lokaorð.

1. Fræðileg umfjöllun um formlegt foreldrasamstarf

Í kaflanum verður gerð grein fyrir fræðilegum bakgrunni rannsóknarinnar. Umfjöllunin er tvíþætt. Annars vegar er umfjöllun um lög og reglugerðir varðandi samstarf heimila og skóla í báðum löndunum og gerður samanburður á þeim, hins vegar er fjallað um rannsóknir á samstarfi heimila og skóla. Í lokin er svo efnið tekið saman.

Í rannsókninni er leitast við að svara því hver séu viðhorf kennara tólf ára nemenda til formlegs foreldrasamstarfs. Til þess að glöggva sig enn frekar voru kannaðar íslenskar og erlendar rannsóknir.

1.1 Lög og reglugerðir um foreldrasamstarf

Þrír hópar mynda skólasamfélagið en það eru nemendur, foreldrar og starfsfólk skólans. Í aðalnámskrám beggja landanna, það er Íslands og Englands, kemur fram mikilvægi þess að hóparnir vinni vel saman þar sem menntun og velferð nemenda er sameiginleg samstarfsverkefni þessarar aðila. Þar kemur jafnframt fram að foreldrar eða forráðamenn bera frumábyrgð á uppeldi barna sinna og skólinn eigi að aðstoða foreldra í uppeldishlutverkinu (*Aðalnámskrá grunnskóla* 1999:44, *The National Curriculum* 2000, Education Act 1996, Department for Education and Skills 2007).

1.1.1 Ísland

Í lögum um grunnskóla er kveðið á um að hlutverk hans gagnvart foreldrum sé að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun (2.gr. laga um grunnskóla, nr. 66/1995). Allir nemendur á aldrinum sex til sextán ára eru skólaskyldir og eiga foreldrar eða forráðamenn þeirra að framfylgja þessum lögum (*Aðalnámskrá* 1999:50).

Við yfirfærslu grunnskólans frá ríkinu til sveitarfélagana árið 1996 (*Aðalnámskrá* 1999:7) voru þau gerð ábyrg fyrir rekstri skólanna en það er stór liður í útgjöldum hvers sveitarfélags. Í kjölfarið fylgdu miklar breytingar eins og einsetning skólans, samfelldur skóladagur, mótuneyti í grunnskólum og skólagæsla fyrir yngstu nemendur þar sem boðið er upp á félags- og tómstundir. Með þessum breytingum voru sveitarfélögin skyldug að skipa í skólanefndir sem fara með málefni grunnskólans. Samkvæmt grunnskólalögum er það skylda sveitarfélaganna að skipa þrjá foreldra í foreldraráð og eiga þeir sem eiga barn í viðkomandi grunnskóla rétt á þátttöku en mega ekki vera starfsmenn skólans. Foreldrar við grunnskóla velja fulltrúa

til þess að sitja í foreldraráði fyrir þeirra hönd í tvö ár og starfa með skólastjóra (Unnur Halldórsdóttir 1995:4). Helsta hlutverk ráðsins er að fjalla um og gefa umsögn um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varðar skólahald. Ráðið á einnig að fylgjast með að þessar áætlanir séu kynntar foreldrum og séu framkvæmdar í skólanum og koma með tillögur til úrbóta (*Aðalnámskrá* 1999:46). Hlutverk foreldra í stjórnun skóla er því óbeint þar sem foreldraráðið tekur ekki beinan þátt í stjórnun skólans heldur felst hann mest í áhrifavaldi þeirra. Foreldrar sem eiga barn í grunnskóla eiga rétt á því að stofna foreldrafélög í þeim tilgangi að styðja við skólastarfið og efla tengsl á milli heimila og skóla hvað varðar uppeldi og menntun barna (*Aðalnámskrá* 1999:45). Þátttaka foreldra í samstarfi innan bekkjarins er árangursrík samskiptaleið sem styrkir enn frekar tengslin á milli heimila og skóla, nemenda og annarra foreldra í bekknum. Bekkjafulltrúar þjóna því mikilvægu hlutverki í skólasamfélaginu þar sem þrír til fjórir foreldrar barna í bekknum eru kosnir eða bjóða sig fram til að sjá um alla félagsstarfssemi yfir veturinn á vegum bekkjarins utan hefðbundis skólatíma (Elísabet Svavarsdóttir og Ólafur Guðmundsson 1996:12).

Hlutverk grunnskólans og starfsfólks þess á Íslandi er afar skýrt varðandi samstarf heimila og skóla en þar segir samkvæmt 15. grein laga nr. 66/1995 um foreldrasamstarf:

Starfsmönnum skóla er skylt að efla samstarf skóla og heimila, m.a. með því að miðla fræðslu um skólamál til foreldra og veita upplýsingar um starfið í skólanum.

Gott upplýsingaflæði á að vera á milli þessara aðila þar sem kennara ber skylda til að vera leiðandi í samstarfi heimilis og skóla samkvæmt grunnskólalögum. *Aðalnámskráin* (1999) nefnir einnig „aðstoð við uppeldishlutverk, samstarf um nám og velferð, gagnkvæmt traust, gagnkvæma virðingu, gagnkvæma upplýsingamiðlun, samábyrgð og samvinnu“ (bls. 44). Samkvæmt rannsókn Ernu Bjarkar Hjaltadóttur (2003) viðist ýmislegt vera óljóst í þeim efnum þó að *Aðalnámskráin* (1999) telji upp þessi ákvæði. Kennarar og foreldrar eiga að vinna saman en hvernig sú samvinna á að fara fram liggur ekki nógu skýrt fyrir (bls. 16-17).

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* (1999) kemur einnig fram að líta eigi á skólasamfélagið sem eina heild, nemendur, foreldrar og starfsmenn skólans. Þar er gert ráð fyrir auknu samstarfi heimilis og skóla þar sem umsjónarkennarinn er „öðrum fremur tengiliður skólans við heimilin“ en hlutverk hans er mjög mikilvægt í samstarfinu

(bls. 47). Honum ber því skylda til að stýra foreldrasamstarfinu og gefa foreldrum góða leiðsögn og aðstoða þá eftir bestu getu í uppeldisstarfinu.

Ný skólafélag hefur verið ríkjandi undanfarin ár á Íslandi þar sem menntamálaráðuneytið hefur lagt ríka áherslu á að foreldrar fylgist vel með skólagöngu barna sinna en það á að stuðla að jákvæðri afstöðu til menntunar. Þar kemur einnig fram skilningur á nauðsyn þess að kynna foreldrum rétt þeirra og skyldur gagnvart skólagöngu barnsins og mælt með því að foreldrar taki í ríkara mæli virkan þátt í námi barna sinna (Björn Bjarnason 1997:6). Í sama streng tekur Nanna Kristín Christiansen (2005:41-42) í rannsókn sinni varðandi samstarf kennara og foreldra en hún leggur áherslu á að foreldrar fylgist vel með skólagöngu barna sinna sem stuðli að jákvæðri afstöðu barna til menntunar.

Aukin vitund um barnavernd er afar mikilvæg og kennari verður ávallt að huga að velferð barnsins. Þegar um er að ræða samskipti barns og foreldra er staðan sú að barnið á réttinn en foreldrar bera skyldurnar gagnvart því (Umboðsmaður barna 2007). Það er í ljósi þessa að kennari verður ætíð að vera á varðbergi gagnvart rétti nemandans og honum ber skylda að tilkynna til réttra aðila ef honum finnst eitthvað grunsamlegt vera á ferð samkvæmt 17. grein barnaverndurlaga nr. 80/2002. Barnið á ávallt að njóta vafans þar sem það getur í fæstum tilfellum varið sig. Samkvæmt 22. grein laga nr. 80/2002 um verndun barna og ungmenna er þar ákvæði um nauðsyn þess að kanna slík mál og afla nauðsynlegra upplýsinga um aðstæður hjá barni. Einnig er komið inn á nauðsyn þess að leita til sérfræðings þegar upp koma slík mál.

Á heimasíðu Kennarasambands Íslands kemur fram að samvinna og samráð heimila og skóla sé ein af lykilforsendum þess að nemandi farnist vel í skólanum. Þar er fjallað um siðareglur kennara sem settar eru til að efla fagmennsku og styrkja fagvitund kennara í starfi sem hafi þann tilgang að vera helsti bakhjarl og leiðarvísir. Samkvæmt siðareglum ber kennara skylda til að vinna með nemanda, heimili og samfélaginu þar sem samvinna, samráð heimila og skóla eru talin lykilþáttur í velgengi nemenda í skólanum (Kennarasamband Íslands 2007).

Heimili og skóli, sem eru landssamtök foreldra, hafa verið starfrækt frá árinu 1992 en markmið þeirra er að stuðla að bættum uppeldis- og menntunarskilyrðum fyrir börn og unglínga. Samtökin hafa frá stofnun veitt foreldrum mikinn stuðning með margs konar upplýsingum um samstarf þessara aðila og hafa komið sjónarmiðum foreldra á framfæri og eflt þannig starf foreldrafélaga á fjölbreyttan hátt (Heimili og skóli 1992).

1.1.2 England

Í lögum um skóla (e. *Secondary School*) í Englandi kemur fram að það sé hlutverk hans í samvinnu við foreldra að búa nemendur undir líf og starf í þjóðfélagi sem er í stöðugi þróun (Department for Education and Skills 2007). Nemendur eru skólaskyldir frá fimm ára til sextán ára aldurs og menntun er ókeypis fyrir börn á aldrinum fimm til nítján ára. Það er á ábyrgð foreldra eða forráðamanna að sjá til þess að börn þeirra fari í grunnskólann, og skólans að framfylgja námsskránni, lögum og reglugerðum. Skólakerfið er að stórum hluta miðstýrt en fjöldi skóla hefur fengið yfirráð yfir því fjármagni sem þeim er úthlutað. Enskt og velskt skólakerfi eru mjög lík en skólakerfið í Skotlandi er byggt upp á allt annann hátt (Department for Education and Skills 2007, East Riding Of Yorkshire Council 2007, Mary í *Austurskóla* og Eve í *Vesturskóla*).

Eins og áður segir eru ensk börn skólaskyld árið sem þau eru fimm ára gömul en það hefur í för með sér að nemendur geta byrjað á mismunandi tíma á skólaárinu. Börn sem eru fædd frá fyrsta september til þrítugasta og fyrsta ágúst eru skólaskyld og þau geta byrjað á mismunandi önn (e. term), það er í september, janúar eða apríl. Flestir enskir skólar hafa það þó þannig í dag í samvinnu við foreldra að fá alla nemendur inn í september það skólaár sem börnin verða fimm ára. Þannig að nemendur sem eru fæddir yfir sumartímamann eru rétt orðnir fjögurra ára þegar þeir byrja í skólanum (e. reception class). Skólaárið í Englandi eru þrjátíu og níu vikur sem skiptast í þrjár annir þar sem dagafjöldinn er mismunandi frá einni námsönn til annarrar. Haustönnin er frá september til desember og skólafríð (e. half-term) er oftast í síðustu vikunni í október. Næst er vorönn sem er frá janúar til mars og skólafríð er um miðjan febrúar. Að lokum er það sumarönnin en hún er eftir páska og skólafríð er alltaf í kringum fyrstu helgina í maí (e. Bank-holiday) en þá fá Bretar frí á mánudeginum (British Council 2007, Department for Education and Skills 2007, East Riding Of Yorkshire Council 2007).

Skólaskyldunni er skipt í fjögur grunnþrep (e. Key Stage) og þau eru ýmist tvö eða fjögur í hverju þrepi en nemendur verða samkvæmt *Aðalnámsskrá* (e. *The National Curriculum* 2000) að taka samræmd próf eftir hvert þrep. Fyrsta grunnþrepið er frá aldrinum fimm til sjö ára, annað þrepið er frá sjö til ellefu ára, þriðja þrepið er frá ellefu til fjórtán ára og að lokum er fjórða grunnþrepið frá fjórtán til sextán ára (British Council 2007, Department for Education and Skills 2007). Skólastigin í Englandi eru uppbyggð á annan hátt en á Íslandi en börnin byrja í leikskóla (e.

Nursery School) nokkurra mánaða gömul og eru þar til fjögurra eða fimm ára aldurs. Næsta skólastig er barna/grunnskóli (e. *Primary School*) þar sem nemendur eru frá fjögurra og fimm ára til ellefu eða tólf ára aldurs og þeir taka kannanir og samræmd próf (e. SATS) (British Council 2007, Department for Education and Skills 2007).

Að barna/grunnskóla loknum hefst nám í unglinga- og framhaldsskóla (e. *Secondary School*) þar sem nemendur eru frá tólf til átján ára aldurs. Á þessu skólastigi tekur við alvara lífsins hjá enskum skólabörnum en þetta skólastig líkist mjög íslensku framhaldsskólastigi þar sem uppbyggingin er lík fjölbrautarkerfi og nemendur velja sér valgreinar. Nemendur fá sérstakan umsjónarkennara sem þeir hitta á hverjum morgni í tuttugu mínútur. Hann fylgist með hvort nemendur eru með einstaklings- og starfsáætlunina (e. Planner), öll námsgögn, í skólabúningi eða hvort þeir séu með einhver skilaboð frá foreldrum, til dæmis varðandi íþróttir, og hann sér einnig um lífsleikni. Umsjónakennari er ekki stjórnandi í foreldrasamstarfi heldur er það sérstakur starfsmaður (e. Head of The Year) sem sér um það. Eftir samverustund með umsjónarkennaranum fara nemendur á milli skólastofa og/eða í mismunandi byggingar og sækja þær námsgreinar sem þeir hafa valið. Mikil áhersla er lögð á vísindi í enska skólakerfinu og tólf ára nemendur eru meðal annars í eðlisfræði, efnafræði og líffræði (Eve í *Vesturskóla*, Mary í *Austurskóla*). Þegar nemendur eru tólf, þrettán og fjórtán ára er aðeins byrjað að getuskipta í bekki og námið stjórnast af Aðalnámskrá (e. *The National Curriculum* 2000) en það tilheyrir grunnþrepi þrjú (*The National Curriculum* 2000, Department for Education and Skills 2007).

Enska skólakerfið leggur mikla áherslu á að undirbúa nemendur mjög vel fyrir öll væntanleg samræmd próf. Þegar nemendur eru fimmtán og sextán ára gamlir er getuskipt í bekki og námið mjög prófmiðað þar sem verið er að undirbúa nemendur fyrir samræmd próf sem nefnast G.C.S.E. en með þeim ljúka þeir skólaskyldu (e. General Certificate of Secondary Education - grunnþrep fjögur). Nemendur taka samræmd próf í hverri námsgrein þar sem þeir eru prófaðir að minnsta kosti þrisvar sinnum í hverri námsgrein til dæmis ensku, enskum bókmenntum, frönsku, þýsku, sögu, stærðfræði, efnafræði, líffræði, eðlisfræði auk þriggja valgreina á handverksviði. Nemendur sem eru sautján ára taka samræmd próf sem nefnast AS level í fjórum námsgreinum. Á seinasta árinu, þegar þeir eru átján ára, verða þeir að taka samræmd próf sem nefnast A level í að minnsta kosti þremur námsgreinum af þeim fjórum sem þeir völdu áður í AS level (British Council 2007, Department for Education and Skills 2007, *The National Curriculum* 2000). Að loknu námi í *Secondary School* eiga

nemendur kost á því að fara í framhaldssnám (e. *College*) sem er meira iðn- og starfstengt nám og geta einnig lokið A levels eða farið í háskólanám (e. *University*) en það fer eftir einkunnum nemenda (British Council 2007, Department for Education and Skills 2007, *The National Curriculum* 2000 og Eve í *Vesturskóla*).

Öll upplýsingamiðlun til heimilanna er afar mikilvæg í Englandi þar sem flestir skólar eru með heimasíðu og foreldrar geta nálgast allar upplýsingar um skólastarfið. Það er þó afar mismunandi hvort heimilin séu í þeirri aðstöðu að eiga tölvur til að nálgast þær upplýsingar. Einnig er hægt að kynna sér alla skóla í Stóra-Bretlandi með því að fara inn á vefsíður skólanna og rýna í mjög mikilvæga skýrslu (e. Ofsted report). Í skýrslunni koma fram allar upplýsingar um hvernig skólinn stendur sig gangvart öðrum skólum í landinu en það fer þannig fram að hann metur sig sjálfur (e. S.E.F. form) og síðan kemur eftirlitsmaður sem tekur skólann út til að kanna hvort skýrslan gefi réttar upplýsingar en þær niðurstöður fara inn á heimasíðu skólans. Þannig geta allir þeir sem áhuga hafa á skólamálum í Englandi aflað sér upplýsinga um stöðu og stefnu þeirra (Department for Education and Skills 2007, British Council 2007).

Allir skólar í Englandi eiga að framfylgja Aðalnámskránni (e. *The National Curriculum* 2000) en hún var sett á með lagabreytingum árið 1988 (Department for Education and Skills 2007). Áður var skólum frjálst að kenna og skipuleggja nám en með tilkomu þessara lagabreytinga hefur enska skólakerfið breyst mjög mikið. Aðalnámskráin (e. *The National Curriculum* 2000) var endurskoðuð árið 2000 og hefur síðan verið í stöðugri þróun (*The National Curriculum* 2000, Department for Education and Skills 2007). Hún veitir þó nokkurn sveigjanleika í meðförum þar sem kennarinn getur hagrætt hlutunum enda hentar ekki sama námsefni öllum nemendum. Innan tíðar er væntanleg endurskoðuð Aðalnámskrá (e. *The National Curriculum* 2000) fyrir *Secondary Schools* þar sem kennurum verður gefinn enn meiri sveigjanleiki í kennslu í þeim tilgangi að gera námið áhugaverðara fyrir nemendur (Directgov 2007). Í viðtölum við Eve í *Vesturskóla* og Mary í *Austurskóla* kemur fram að kennarar fari mjög nákvæmlega eftir Aðalnámskránni (e. *The National Curriculum* 2000) til fjórtán ára aldurs nemenda. Eftir það stjórnast kennslan og námið meira og minna af þeim samræmdu prófum sem nemendur eiga að taka samkvæmt námsvali. Þar er unnið leynt og ljóst með þau markmið að nemendur fái inngöngu í frekara framhaldsnám.

Ný barnaverndunarlög voru sett árið 2004 (e. *Children's Act*) þar sem allir þeir sem starfa með börnum, þar á meðal kennarar, eru skyldugir til að framfylgja þeim en Bretar leggja mikla áherslu á barnaverndun. Lögin eru í fimm liðum þar sem börn eiga rétt á því að vera:

1. Heilbrigð (e. Be healthy).
 2. Örugg (e. Stay safe).
 3. Njóta lífsins (e. Enjoy and achieve).
 4. Jákvætt framlag (e. Make a positive contribution).
 5. Búa við fjárhagslegt öryggi (e. Achieve economic well-being).
- (Children's Act 2004).

Kennarasamböndin í Englandi nefnast *The National Association of Schoolmasters Union of Women Teachers* og *National Union of Teachers* og eru öflug samtök. Siðareglur þeirra segja meðal annars að kennurum beri skylda til að huga ætíð að velferð nemendans í samvinnu við foreldra (NASUWT Union 1998, NUT 2007).

Samtök foreldra og kennara í Englandi nefnist P.T.A.s (e. Parents, Teachers Association) og eru starfandi í öllum skólum í Englandi en þeir eru sérstakir „vinir“ skólans. Þeir vinna að ýmsum góðum málum fyrir skólann, svo sem fjáraflanir til kaupa á búnaði sem er ekki á fjárhagsáætlun skólans. Einnig styrkja þeir félagslíf og ferðalög hjá nemendum. Foreldraráð eru starfandi í öllum skólum og það eru foreldrar sem fara í framboð til þess og starfa með skólanefnd (P.T.A.s. 2007, Eve í *Vesturskóla*, Mary í *Austurskóla*).

1.1.3 Samanburður á löndunum tveimur

Það er margt líkt með Íslandi og Englandi varðandi áherslur í lögum og reglugerðum um foreldrasamstarf en fjöldi rannsókna benda eindregið til þess að slíkt samstarf sé mjög mikilvægt fyrir velferð nemenda bæði varðandi þroska og nám.

Umsjónakennarar í Englandi hafa ekki yfirumsjón með foreldrasamstarfi eins á Íslandi heldur eru það sérstakir starfsmenn sem sjá um það. Lögð er áhersla á námskynningar, heimanám, foreldrafundi og ýmsar fjáraflanir fyrir félagslíf nemenda í báðum löndunum. Það sem helst greinir þessi lönd í sundur varðandi samstarfið er að mikil áhersla er lögð á bekkjarsamstarf eða bekkjarsfundi á Íslandi með foreldrum og/eða börnum. Þannig kynnast þessir samstarfsaðilar innbyrðis og það styrkir

sambandið, og einnig hjá nemendum bæði náms- og félagslega. Í Englandi er aftur á móti ekkert bekkjarsamstarf eða bekkjarfundir með foreldrum og/eða nemendum og þar eru ekki starfandi foreldrafélög innan bekkjarheildarinnar heldur eru aðeins foreldrafélög fyrir allan skólann. Einnig eru foreldrar í enskum skólum mjög virkir varðandi ýmsar fjáraflanir til að styrktar tækjakaupum fyrir skólann en það þekkist lítið á Íslandi. Það sem er einnig ólíkt er hin sterka hefð fyrir skólabúningum í enska kerfinu sem foreldrar eiga að sjá um en slíkir búningar eru eitthvað byrjaðir að ryðja sér til rúms á Íslandi.

1.2 Samstarf heimila og skóla

Á undanförunum árum hefur verið mikil umræða um samskipti heimila og skóla þar sem í flestum tilfellum er gengið út frá því að samstarf milli þessara aðila skipti máli Berger (2004:23). Þessir aðilar eiga sameiginlegra hagsmuni að gæta sem er velferð barnsins, uppeldi og menntun samkvæmt rannsóknum Elísabetar Svavarsdóttur og Ólafs Guðmundssonar (1996:7), Olsen og Fuller (2003:136) sem vitna einnig í rannsóknir Henderson og Berla (1994). Erna Björk Hjaltadóttir heldur því fram að nám fari fram á þremur stöðum það er „inni á heimilinu, í skólanum og úti í samfélaginu“ (2003:14). Það er í ljósi þessa að skólinn, kennarar og foreldrar gera sér grein fyrir skyldum sínum þar sem hagsmunir barnsins eiga fyrst og fremst að stjórna samstarfinu. Þessu til stuðnings sýna bæði erlendar og íslenskar rannsóknir að samstarf heimila og skóla hefur jákvæð áhrif á nám og þroska barnsins og einnig á hegðun og viðhorf nemenda til skólans (Berger 2004:4-8, Bonilla 1998, Epstein o.fl., 2002:26,30-31, Olsen og Fuller 2003:136, Erna Björk Hjaltadóttir 2003:14, Elísabet Svavarsdóttir og Ólafur Guðmundsson 1996:7-10, 33). Allar þessar rannsóknir gefa sterkar vísbendingar um að aukin þátttaka foreldra í skólastarfi hafi jákvæð áhrif á heimanám, auki sjálfstraust nemenda, agavandamálum fækki og bæti mætingu nemenda. Einnig virðast foreldrar vera mun jákvæðari í garð skólans og það virkar hvetjandi á nemendur bæði náms- og félagslega. Niðurstöður þessara rannsókna sýna ótvírætt fram á mikilvægi samstarfsins þar sem foreldrar, skólarnir og starfsmenn hans hafa engu að tapa í þeim efnum.

Berger (2004:24) gerði rannsókn sem sýnir fram á mikilvægi þess að skólar komi til móts við getu, aldur, bakrunn nemenda og fjölskyldu þeirra. Í henni fjallar hún um mikilvægi þess að ekki er til einhver ein rétt leið varðandi samstarf heimilis og skóla. Berger sýnir fram á að hver skóli verður að móta sér stefnu sem hentar

aðstæðum, þörfum, aldri og getu hvers nemanda. Samstarfið gefi besta raun ef skólinn hefur frumkvæðið og hún telur að hann sé skyldugur að skapa gott umhverfi. Skólinn á ekki eingöngu að vera ábyrgur fyrir foreldraáætlun heldur verður hann einnig að skipuleggja samstarfið innan skólans þannig að foreldrar geti blómstrað í því. Það er á ábyrgð skólans að viðhalda samstarfinu þar sem nemendur þarfnist stuðnings frá fjölskyldunni og gott samstarf þeirra getur bætt mætingu hjá nemendum samkvæmt rannsókn hennar og skólinn verður því að standa sig í þeim efnum. Að samskonar niðurstöðum komast Olsen, Fuller o.fl., (2003:136-137) sem telja að samstarfið hafi jákvæð áhrif fyrir alla aðila sem að því koma, það er nemendur, foreldra, kennara og skólann. Eins og sjá má á þessum rannsóknum skiptir miklu máli að skólinn skipuleggi samstarfið með kennarann í forystu enda hefur það verulega jákvæð áhrif á nám og þroska nemandans.

Samstarfið í báðum þessum löndum, það er á Íslandi og í Englandi virðist beinast fyrst og fremst að heimanámi, foreldraviðtölum, starfsemi foreldrafélaga, skólaferðalögum, kökubakstri og ýmiss konar fjáröflun. Hjá foreldrum á Íslandi er auk þess bekkjarfulltrúastarfið en þar eiga sér stað ýmsar félagslegar uppákomur á þeirra vegum eins og kvöldskemmtanir. Samskonar ályktun á samstarfi heimila og skóla er dregin í rannsóknum Bonilla (1998) þar sem einnig er vísað í rannsóknir Smekar (1996). Berger (2004:152) komst að þeirri niðurstöðu að þeir kennarar sem eru leiðandi í foreldrasamstarfi fengu mun fleiri foreldra í lið með sér en þeir kennarar sem ekki voru í samstarfi við foreldra. Af þessu sést hve mikilvægt það er að hver skóli og kennari skipuleggi sínar áherslur og leiðir í foreldrasamstarfi eftir aðstæðum hans og samsetningu nemendahópsins þar sem ákveðin markmið eru höfð í huga í samstarfinu.

Oft virðist draga verulega úr öllu samstarfi hjá foreldrum barna frá og með tólf ára aldri og kemur það heim og saman við rannsóknir Epstein o.fl., (2002:25), Berger (2004:285-286) og Broyles (2001). Epstein (2002) sem lengi hefur unnið að samstarfi heimila og skóla hefur tekið saman lista yfir þá þætti sem mestu skipta í foreldrasamstarfi. Hann hefur fengið viðtæka viðurkenningu en hún telur þessa sex þætti sameiginlega í samstarfi á öllum skólastigum. Þeir snúast um traust og virðingu en þessir sex sameiginlegu þættir eru:

1. **Foreldrahlutverk** (e. Parenting). Hér er átt við að fylgst sé vel með andlegum og líkamlegum þörfum nemenda til að ná góðum þroska.

2. **Samskipti** (e. Communicating). Þar er átt við gagnkvæma upplýsingamiðlun. Að öll samskipti séu nán á milli, heimila og skóla, varðandi allar framfarir hjá barninu og einnig skólaáætlanir.
3. **Sjálfböðastarf** (e. Volunteering). Það er hægt að fá foreldra inn í skólann sem sjálfböðaliða í sambandi við nám, bekkjaferðir, aka börnum sínum í skólann og ýmsa aðra þætti sem þeir geta tekist á við í skólasterfinu.
4. **Heimanám** (e. Learning at home). Foreldrar veiti börnum sínum góða hjálp við heimavinnu og njóta félagslegra samvista með þeim.
5. **Ákvarðanatataka** (e. Decision Making). Foreldrar taki til dæmis þátt í ýmsum ákvörðunum foreldrafélags skólans eða starfi í samtökum Heimili og skóli.
6. **Samstarf við ýmsa aðila úti í samfélaginu** (e. Collaborating With the Community). Hér er um að ræða samvinnu við samfélagið þar sem allir eiga að læra að gefa og þiggja en það er mjög mikilvægur liður í að styrkja fjölskylduna, skólann og samfélagið (bls. 220-228).

Með því að styðjast við þessa sex þætti telur Epstein að samstarfið virki áhrifaríkast á milli þessa aðila. Það getur því verið góð lausn að heimfæra þessa hugmyndafræði hennar yfir á íslensku og ensku skólasamfélögum en hún telur líklegt að þessir sameiginlegu þættir hjálpi barninu í þroska, hegðun og námi. Með þessararannsóknarniðurstöður má sýna fram á mikilvægi þess að skólinn og allt starfsfólk hans hafi forystuhlutverk varðandi samstarfið. Þar sem áhrif samstarfs kennara, nemenda og foreldra fer eftir því hvaða áherslur og leiðir eru lagðar í samstarfinu ásamt gæðum þeirra. Jákvætt viðhorf kennarans til þess að leiðbeina foreldrum í þeim efnum skiptir því miklu máli.

Samkvæmt rannsóknum Berger (2004:152-153), Epstein o.fl. (2002:31), Elísabetar Svavarsdóttur og Ólafs Guðmundssonar (1996:14-16) er auðvelt aðgengi að öllum upplýsingum um skólann afar brýnn þáttur í árangursríku samstarfi heimila og skóla. Uppfæra verður allar upplýsingar reglulega þannig að þær gefi rétta sýn af skólasterfinu en upplýsingamiðlun skiptist í þrjá meginflokka sem eru nemandinn, bekkurinn og skólasterfið í heild sinni. Einnig er komið inn á mikilvægi gagnkvæmrar upplýsingaskyldu í rannsókn Áslaugar Brynjólfssdóttur (1998) en hún sýnir fram á mikilvægi þess að heimili og skóli eigi gott samstarf enda búa foreldrar yfir miklum upplýsingum um barnið þar sem „við þekkjum börnin okkar best“ (bls. 124). Erna Björk Hjaltadóttir segir að samskiptin eigi ekki aðeins að snúa að því sem gerist í

skólanum þar sem foreldrar búa yfir mikilli vitneskju um barnið í sambandi við eðli þess, hæfileika og áhugasvið en hún telur mikilvægt að þær upplýsingar eigi greiða leið að skólanum (2003:17). Nýleg íslensk rannsókn Nönnu K. Christiansen (2005) hefur sýnt fram á að skólinn verði að gera sér grein fyrir upplýsingar- og þjónustuhlutverki sínu þar sem foreldrar eru neytendur og kennararnir eru í þeirra þjónustu (bls. 30-37). Skólinn veiti ekki þá þjónustu sem honum ber skylda til í upplýsingasamfélagi þar sem foreldrar eru neytendur og vilja fá góða þjónustu og allar upplýsingar frá skólanum. Skólinn á að vera viðbót við heimilin og styðja við bakið á foreldrum í uppeldishlutverkinu en honum sé alls ekki ætlað að koma í staðinn fyrir foreldrana og heimilið. Niðurstöður þessara rannsókna sýna glögglega gildi þess að gagnkvæm upplýsingamiðlun á milli heimila og skóla sé ein af undirstöðum árangursríks samstarfs þar sem hagsmunir barnsins eru ætíð hafðir að leiðarljósi. Þær sýna jafnframt fram á mikilvægi þess að kennarar verða að vera opnir fyrir sem flestum sjónarmiðum foreldra og efla þá í virkari þátttöku í skólastarfinu þannig að hugmyndir þeirra eigi greiða leið inn í skólastarfið.

Það sem hindrar helst gott samstarf á milli heimila og skóla samkvæmt ýmsum rannsóknum er að breytt þjóðfélag krefst skóla sem tilheyrir slíku samfélagi (Elisabet Svavarsdóttir og Ólafur Guðmundsson 1996:16-17, Áslaug Brynjólfssdóttir 1998:129-130, Epstein o.fl., 2002:231-232). Þessar rannsóknir sýna fram á að skólinn skipuleggur foreldraviðtöl og heimsóknir foreldra á skólatíma og það stuðlar ekki að góðu samstarfi í nútíma þjóðfélagi. Tímaskortur foreldra er mikill þar sem flestir þeirra eru útivinnandi og eiga oft í erfiðleikum með að fá frí úr vinnu. Það getur leitt til þess að báðir aðilar eru ósáttir í samstarfinu og telja lítið vera gert í málinu. Oftar en ekki er fyrst og fremst rætt saman þegar eitthvað bjátar á varðandi barnið. Nanna K. Christiansen telur að skólinn sé stofnun sem eigi í harðri baráttu við hefðirnar þar sem hann setur reglurnar og skólinn sé því staðnaður í nútíma þjóðfélagi og segir jafnframt að það sé ekki sé hægt að skilja í sundur uppeldi og nám hjá börnum (2005:44-45). Með niðurstöðum slíkra rannsókna má sýna fram á mikilvægi þess að skólinn komi til móts við foreldra í nútíma þjóðfélagi. Einnig sýna þessar rannsóknir fram á hve gagnkvæmt upplýsingastreymi er nauðsynlegur hluti af samstarfi heimila og skóla þar sem leggja verður áherslu á allann styrkleika í samstarfinu og takast á við allar hindranir með jákvæðu hugarfari.

Rannsóknir Nönnu Kristínar Christiansen (2005:50), Elisabetar Svavarsdóttur og Ólafs Guðmundssonar (1996:34) benda á mikilvægi þess að lögð verði meiri

áhersla á menntun varðandi samstarf heimila og skóla í kennaranámi. Nauðsynlegt er að kenna verðandi kennurum góð samskipti við foreldra, nemendur og skólann, en það styrkir kennara faglega í starfi. Þessar rannsóknarniðurstöður gefa sterklega til kynna mikla þörf fyrir væntanlegra kennara fyrir góða leiðsögn varðandi samstarf heimila og skóla.

1.3 Samantekt

Eftir að hafa fjallað um rannsóknir á samstarfi heimila og skóla kemur það mér ekki á óvart að góð samvinna þar sem lögð er áhersla á markviss gæði og faglegan metnað skili sér á jákvæðan hátt út í skólasamfélagið. Það er athyglisvert í rannsóknarniðurstöðum sem ég kynnti mér hve mikilvægt það er að skólinn hafi forystuhlutverk í samstarfinu og kennarar sýni fagmennsku í starfi varðandi leiðir og gæði. Þá eru þessir sex þættir sem Epstein teflir fram í foreldrasamstarfi taldir skila sér á áhrifaríkan hátt í foreldrasamstarfi.

2. Rannsóknaraðferðir

Rannsókn sú sem hér er til umfjöllunar hófst í september árið 2006 og henni lauk í apríl árið 2007. Aðferðarfræði eigindlegra rannsókna var beitt bæði við gagnasöfnun og úrvinnslu gagna. Eigindlegar rannsóknaraðferðir er samheiti yfir fjölbreytta rannsóknarhefð sem snýst um að safna gögnum, skoða hvaða upplýsingar maður hefur og vinna úr þeim (Anna Birna Almarsdóttir 2005). Eigindlegar rannsóknir snúast ekki um að leita að áreiðanleika, heldur um fáa einstaklinga eða tiltekið efni sem reynt er að lýsa og skilja á hlutlausan hátt. Gögnum er safnað, þau greind, merking þeirra dregin fram og reynt að lýsa þeirri mynd sem þau gefa. Niðurstöður er ekki hægt að skoða eða túlka sem algildar heldur frekar í þeim tilgangi að fá fram hugmyndir viðmælanda sem tóku þátt í rannsókninni. Eigindlegar rannsóknir geta verið framkvæmdar með nokkrum aðferðum, til dæmis með spurningum, sem svarað er munnlega eða skriflega, eða með „fókushópum“, þar sem spyrill leggur spurningar fyrir marga, og með þátttökuathugunum, þar sem rannsakandinn fylgist með athöfnum, til dæmis hegðun fólks (Hoyle o.fl., 2002).

Í þessari rannsókn voru notuð hálfopin viðtöl þar sem stuðst var við spurningar sem ég lagði upp með en ég reyndi einnig að fylgja samtölum þeirra eftir, þannig að viðmælendurnir fengu að tjá sig um það sem þeim fannst skipta máli í sambandi við samstarf heimila og skóla. Kosturinn við þessi hálfopin viðtöl er að þau eru mun sveigjanlegri en stöðluð viðtöl þar sem þátttakendur eru spurðir um ákveðin meginatriði. Þannig urðu viðtölin mun persónulegri og óformlegri og gaf viðmælendum meira svigrúm til að lýsa reynslu sinni og upplifun á því sem þeir töldu skipta mestu máli varðandi formlegt foreldrasamstarf.

2.1 Þátttakendur

Notað var markvisst úrtak þar sem ég valdi sjálf þátttakendur og einnig stað til að taka viðtölin. Með markvissu úrtaki er átt við að úrtak og rannsóknargögnum sé markvisst beint til að leita svara við rannsóknarspurningunni um formlegt foreldrasamstarf (Hoyle o.fl., 2002:187-188). Við val á þátttakendum leitaðist ég við að fá viðmælendur sem flokkast undir rannsóknarefni mitt, kennara sem kenna tólf ára gömlum nemendum. Ég tók ákvörðun um að velja tvo ólíka skóla í tveimur löndum, þar sem félagslegur munur er á milli íbúa varðandi efnahag og menntun. Þessir skólar eru á Íslandi og í Englandi. Það var gert til að reyna að finna markvissan mun á

viðhorfum kennara í þessum skólum til samstarfs heimila og skóla. Ég hafði netsamband við skólastjóra og kennara á Íslandi sem útveguðu mér viðtölin við kennarana. Ég fékk kennara í viðtal í Englandi í gegnum tvo nágranna mína sem eru kennarar en ég hafði samband við nokkra skóla í gegnum bréfaskriftir, tölvu og síma en viðbrögð voru lítil.

2.2 Gagnasöfnun

Gagnasöfnunin fór þannig fram að tekin voru viðtöl við fjóra kennara sem eru umsjónarkennarar tólf ára nemenda. Viðtölin fóru annars vegar fram á heimili mínu og hins vegar í tveimur grunnskólum. Viðtölin voru tekin upp á segulband og afrituð í tölvu og þau þemagreind. Þemagreining fer þannig fram að viðtölin eru lesin oft yfir og fundið er meginþema, þau kóðuð, en þá notaði ég litakerfi sem fólst í því að ég litaði það sem mér fannst standa upp úr í viðtölunum og skrifaði einnig á hægri spássíuna það sem mér fannst athyglisvert (Hoyle o.fl., 2002:376-377). Þannig auðveldaði ég mér eftirvinnslu og var með því fljótari að sjá hvað stóð upp úr viðtölunum. Með þessu móti var ætlunin að setja fram heildstæða mynd af viðhorfum þeirra til samstarfs heimila og skóla. Ég notaði einnig A.R. (athugasemdir rannsakanda) um leið og ég skráði viðtölin til að greina strax hvað það var sem kom mér á óvart og fannst athyglisvert í viðtölunum jafnóðum og þau voru skráð.

Viðtölin á Íslandi voru tekin að loknum skóladegi í skemmtilegu skólaumhverfi í grunnskólum á Reykjavíkursvæðinu. Í Englandi fóru viðtölin aftur á móti fram á heimili mínu í Elloughton í East Yorkshire í rólegu og notalegu umhverfi. Ég samdi spurningar sem ég studdist við í viðtölunum (sjá fylgiskjal 1) en reyndi einnig að fylgja samtölum þeirra eftir en með því fengu kennararnir að tjá sig um það sem þeim fannst skipta máli varðandi upplifun þeirra í foreldrasamstarfi. Þannig urðu viðtölin mun persónulegri og óformlegri og gáfu meira svigrúm til að lýsa reynslu og viðhorfum varðandi samstarf heimila og skóla. Viðmælendum mínum var heitið trúnaði og verða þeir skráðir undir tilbúnu nafni í rannsókninni sem og skólarnir sem þeir starfa við.

2.3 Aðferð við samtölin

Ég undirbjó viðtölin þannig að ég útbjó sjö spurningar og hafði einnig undirspurningar með hverjum lið. Uppbygging spurningalistans var gerð með það í huga að kanna viðhorf kennara til samstarfsins, helstu áherslur og leiðir sem þeir telja

mikilvægastir í starfinu og hvort bakgrunnur þeirra hefði áhrif á starf þeirra. Spurt var um stefnu skólans varðandi foreldrasamstarf, hvernig aðstæðum væri háttað í skólahverfinu. Hvernig samstarfinu væri háttað í vetur hjá kennaranum og þróun þess í framtíðinni. Þetta var gert með það í huga til að fá sjónarhorn þeirra á samvinnu á milli heimila og skóla þar sem kennarinn færi fremstur í flokki til að byggja farsæla samvinnu. Komið var inn á mikilvægi upplýsingatækninnar og hvernig henni er háttað í skólum viðmælandanna og kannað hvaða tæki þeir nýta í starfi sínu. Auk þess var rýnt í hvað *Aðalnámsskrá grunnskóla* (1999), lög, reglugerðir, barnaverndun og landsamtök heimila og skóla segja um samstarfið og það borið saman á Íslandi og í Englandi.

Eftir stutt spjall á vettvangi við viðmælendur mína hóf ég viðtalið með því að spyrja: *Hver eru viðhorf þín til foreldrasamstarfs?* Viðtalið var byggt á eftirfarandi grunnsurningum ásamt fjölda undirspurninga (sjá fylgiskjal 1).

1. Hver er bakgrunnur kennara?
2. Hver er stefna skólans sem hann kennir við í foreldrasamstarfi?
3. Hver eru viðhorf kennarans almennt til foreldrasamstarfsins?
4. Hver eru viðhorf kennarans til foreldrasamstarfsins sem er í vetur hjá honum?
5. Hver eru viðhorf kennarans til ýmissa leiða í foreldrasamstarfi?
6. Hvernig myndi hann vilja hafa samstarfið í framtíðinni?
7. Hvert er viðhorf kennarans til almenns og formlegs skólastarfs það er til ýmissa laga og reglna?

2.4 Skólarnir

Hér er gerð stutt grein fyrir þeim skólum sem viðmælendur mínir starfa við, hvar og hvernig samsetning íbúa er í hverju hverfi ásamt fjölda nemenda. Einnig verður fjallað um stefnu skólanna í foreldrasamstarfi og kannað hvort skýrar verklagsreglur eru til í skólunum um samstarf heimila og skóla.

Fyrsta grunnskólann kýs ég að nefna *Norðurskóla* en hann er í Reykjavík. Fjöldi íbúa í hverfinu búa í félagslegum leiguíbúðum á vegum borgarinnar. Einnig hefur sest að í hverfinu óvenju hátt hlutfall fólks af erlendum uppruna og skólinn leggur áherslu á að takast á við það og hann gefur sig út fyrir að vera fjölmenningalegur skóli. Mikil þróun hefur átt sér í skólanum varðandi samstarf heimila og skóla þar sem áhersla hefur verið lögð á aukna þátttöku foreldra í

skólustarfinu með auknu upplýsingaflæði og mjög góðu aðgengi foreldra að upplýsingum. Þar fá foreldrar til dæmis skóladagatalið, skólanámskrá, kennsluáætlanir og innkaupalista í byrjun skólaársins. Skólinn hefur foreldraviðtöl tvisvar á ári og þar eru starfrækt foreldraráð, foreldrafélög og bekkjarfulltrúar foreldra. Nemendafjöldinn er um fjögur hundruð.

Annar skólinn er *Suðurskóli* og er hann staðsettur á Reykjarvíkursvæðinu þar sem félagslegar aðstæður eru afar góðar, flestir foreldrar hafa góða menntun og búa vel fjárhagslega. Í þessum skóla er lögð mjög mikil áhersla á gott foreldrasamstarf. Hann hefur verið í forsvari varðandi rannsóknir á foreldrasamstarfi enda leggur hann mikinn metnað í samstarf heimila og skóla. Skólinn hefur næðistund í fimmtán mínútur á hverjum morgni fyrir fyrsta til sjötta bekk þar sem foreldrar eru ætíð velkomnir inn í skólann með börnum sínum. Upplýsingamiðlun er til fyrirmyndar í skólanum og mikið notað hjá þessum samstarfsaðilum þar sem öll heimili hafa aðgang að tölvu og neti. Skólinn hefur foreldraviðtöl tvisvar á ári og þar er starfandi foreldraráð. Foreldrarfélögin og bekkjarfulltrúar foreldra eru afar virk í skólanum þar sem mikið er um að vera bæði á haust- og voruppskeruhátíðum. Nemendafjöldinn í skólanum er um fjögur hundruð og fimmtíu.

Þriðji skólinn er *Austurskóli*. Hann er unglinga- og framhaldsskóli (e. *Secondary School*) sem er staðsettur í austur Hull þar sem félagslegar aðstæður nemenda eru afar bágbornar og fjórða kynslóð atvinnulausra er að vaxa úr grasi. Einnig eru þar innflytjendur aðallega frá Afríku, sem eru kristnir og hafa gott vald á tungumálinu, og frá Kína. Í skólanum er mikill vilji til að gera allt sem þeir geta til að fá gott foreldrasamstarf en það gengur illa þar sem áhuginn er afar lítill. Þessir nemendur njóta ekki sömu tækifæra og þeir sem búa í betri hverfum borgarinnar og þeir dragast strax aftur úr í upphafi skólagöngunnar þar sem þá vantar meiri stuðning og örvun í uppeldinu. Foreldrar hjálpa ekki við heimanámið vegna getuleysis og viðhorfa þeirra almennt til menntunar. Foreldrar fá árlega senda eina skýrslu um hvernig barninu gengur í skólanum og síðan eru fljótlega foreldraviðtöl. Nemendur skólans og starfslíð, um áttatíu og átta manns, eru á leið til Ástralíu í júní til að taka þátt í danskeppni sem þeir unnu á landsvísu en það er afar jákvætt fyrir skólann. Í *Austurskóla* er starfandi foreldraráð og einnig samtök foreldra „vinir“ skólans sem eru styrktaraðilar hans en það er í öllum skólum í Englandi. Nemendafjöldinn í skólanum er um níu hundruð.

Fjórði skólinn er *Vesturskóli* en hann er unglínga- og framhaldsskóli (e. *Secondary School*) og er hann staðsettur í úthverfi Hull, í East Yorkshire. Þetta er mjög góður opinber skóli þar sem félagslegar aðstæður eru afar góðar og efnaðir foreldrar búa á svæðinu. Nemendur í þessum skóla koma frá sex þorpum í nágrenninu. Skólinn leggur mjög mikla áherslu á gott foreldrasamstarf og strax í upphafi er mikið samstarf við heimilin áður en nemendur byrja í skólanum. Þeir eru með sérstakt starfsfólk (e. link staff) sem sinna slíkum undirbúningi fyrir nemendur og foreldra þar sem börnin eru að flytjast frá barna/grunnskólanum (e. *Primary School*) yfir í unglínga- og framhaldsskólann (e. *Secondary School*). Foreldrum er boðið á sérstakt kvöld til að kynnst skólanum, kennurum, væntalegum umsjónarkennara, námsráðgjafa og á námskynningu. Nemendur mega koma með ef þeir vilja en það er frekar sjaldgæft að þeir geri það enda koma þeir á skólatíma til að fylgjast með kennslustund. Foreldrar fá senda eina árlega skýrslu heim um hvernig nemandanum gengur í skólanum og einnig er eitt foreldravöld fljótlega eftir að þeir hafa fengið skýrsluna í hendur. Samtök foreldra er starfrækt í skólanum „vinir“ hans en þeir sjá meðal annars um ýmsar fjáraflanir sem nýtt er til tækjakaupa og/eða ferðalaga nemenda. Einnig er foreldraráð sem er kosið af öðrum foreldrum og þeir aðilar sem hljóta kosningu sitja síðan í stjórn skólans til að gæta hagsmuna allra foreldra barna í skólanum. Nemendafjöldinn er á bilinu fimmtán til sextán hundruð.

2.5 Viðmælendur

Fyrsta viðmælandann kys ég að nefna Eydísi en hún er fjórtíu og þriggja ára kona sem er fædd og uppalin í Reykjavík. Hún hefur búið lengst af á Reykjavíkursvæðinu fyrir utan sjö ár sem hún bjó í Hollandi en þar stundaði hún nám og kennslu. Hún er lagleg grannvaxinn kona með ljóst hár og virkar mjög traust og snaggaraleg í tilsvörum. Hún býr yfir mikilli þekkingu á kennarastarfinu og finnst það skemmtilegt en hún hefur mjög ákveðnar skoðanir á hlutunum og lagði einnig mikla áherslu á allan trúnað gagnvart nemendum og foreldrum. Eydís útskrifaðist frá Kennaraskóla Íslands árið 1989 og hefur tíu ára kennslureynslu. *Norðurskóli* er þriðji skólinn sem hún starfar við og hún er mjög ánægð þar sem starfsandinn er afar góður. Eydís er umsjónarkennari í 7. bekk og þetta er þriðja árið í röð sem hún fylgir þessum nítján nemendum sínum. Viðtalið fór fram í *Norðurskóla* sem Eydís starfar við.

Annan viðmælanda minn nefni ég Ásdísi, en hún er fimmtíu og fimm ára kona sem hefur alið allan sinn aldur á Reykjavíkursvæðinu fyrir utan tvö ár þegar hún bjó í

Svíþjóð. Ásdís er hávaxin, grönn, brosmild og afar glæsileg kona, sem virkar róleg og yfirveguð og hefur sérlega góða nærveru. Hún er stutturð og gagnorð. Hún hefur gaman af starfinu og býr yfir mikilli vitnesku um starf sitt og leggur áherslu á að halda trúnað við foreldra og nemendur. Hún er leikskólakennari að mennt og var leikskólastjóri þar sem hún starfaði áður en hún hóf nám í Kennaraháskóla Íslands, en þaðan útskrifaðist hún árið 1991. Hún hefur einnig lokið eins árs stjórnunarnámi og tölvunámi sem stóð yfir í eitt ár. Ásdís hefur kennt í *Suðurskóla* í fimmtán ár eða frá því hún lauk námi og líður mjög vel á þessum vinnustað og hefur ekki hug á að breyta um starfsvettvang. Hún er umsjónarkennari í 7. bekk og eru nemendur hennar samtals tuttugu og einn. Viðtalið fór fram í *Suðurskóla* sem Ásdís starfar við.

Þriðji viðmælandi minn er fjórtíu og tveggja ára kona sem ég kys að nefna Mary en hún er fædd og uppalin í Skotlandi og er sjöundi ættliðurinn af skoskum kennurum. Mary er frekar hávaxin með dökkt hár og afskaplega ræðin með ákveðnar skoðanir á flest öllum málefnum sem voru til umræðu og miðlaði miklum fróðleik um enskt og skoskt skólakerfi. Mary útskrifaðist sem kennari frá Hull University og fékk þjálfun í tveimur skólum til að læra að verða kennari. Hún hefur kennt í *Austurskóla* sem er staðsettur í austur Hull í tólf ár eða frá því hún útskrifaðist árið 1995 en stefnir á breytingar næsta vetur. Hún ætlar að kenna áfram í *Secondary School* en hefur hug á að fara í hverfi þar sem félagslegar aðstæður hjá nemendum eru betri og vænta má meiri stuðnings foreldra. Mary kennir ensku og er umsjónarkennari tólf ára nemenda þar sem fjöldi þeirra eru alls tuttugu og átta. Viðtalið fór fram á heimili mínu í Elloughton í East Yorkshire.

Fjórði viðmælandinn er Eve en hún er fimmtíu og sex ára kona sem er fædd og uppalin í litlu þorpi í Norfolk í Englandi. Eve er hávaxin, sterkleg kona og virkar mjög róleg og yfirveguð. Hún býður af sér mjög góðan þokka, er með grásprengt hár niður á axlir og svolítið hippaleg, enda tilheyrir hún '68 kynslóðinni. Hún veltir vel fyrir sér því sem hún segir og býr yfir mikilli vitnesku um enska skólakerfið og foreldrasamstarf. Eve lauk háskólaprófi í líffræði og fór strax eftir útskrift í eins árs þjálfun í tveimur skólum til að læra að verða kennari. Hún hefur kennt samfelld í þrjátíu og fjögur ár í *Vesturskóla* (e. *Secondary School*) í East Yorkshire og hefur hug á að starfa þar áfram þar til hún fer á eftirlaun. Hún kennir náttúruvísindi og er umsjónarkennari yfir tuttugu og sex nemendum sem eru tólf ára gamlir. Viðtalið við hana fór einnig fram á heimili mínu í Elloughton í East Yorkshire.

3. Helstu niðurstöður

Hér kemur samantekt á viðtölunum við fjóra kennara sem kenna tólf ára nemendum og leitast er við á grundvelli gagna að svara rannsóknarspurningunni: *Hver eru viðhorf þín til foreldrasamstarfs?* Leitast var við að draga það helsta fram úr viðtölunum varðandi samstarf heimila og skóla til að fá upplifun og reynslu viðmælenda á formlegu foreldrasamstarfi.

3.1 Viðhorf kennara til foreldrasamstarfs

Þrjár af fjórum viðmælendum eru sáttir við foreldrasamstarfið eins og það er í dag en vilja jafnframt auka ábyrgð og þátttöku foreldra í skólastarfi hjá tólf ára nemendum. Þeir telja að skólastarfið eigi að vera samstarfsverkefni fyrir alla aðila sem koma að skólastarfinu, ekki síst foreldra og kennara. Skólinn á að vera í lykilhlutverki varðandi foreldrasamstarf þar sem kennarinn á að veita foreldrum stuðning en foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi og námi barna sinna. Áhugasamir foreldrar hafi samráð við kennarann og einnig við aðra foreldra innan bekkjarins enda hafa samstíga, jákvæðir foreldrar góð áhrif á nemendur, bæði náms- og félagslega, og bætir einnig agann hjá nemendum. Kennararnir eru sannfærðir um að samstarfið skili sér inn í skólastarfið og sammála um að það létti störf kennarans ef hann er leiðandi í foreldrasamstarfi þá gengur mun betur að virkja foreldra til þátttöku í skólastarfinu. Kennararnir eru sammála um að flestir foreldrar eru mjög ábyrgir fyrir uppeldi barnsins og styðja þá í heimanámi en það telja þeir mjög mikilvægan stuðning. Kennararnir eru einnig sammála um að foreldrar geti oft ekki sett sig í spor kennarans þar sem þeir hugsa bara um sitt barn og átta sig ekki á því að kennarinn er með stóran hóp af börnum og hann ber hag þeirra allra fyrir brjósti.

Þrjár kennaranna voru sammála um að foreldrar sýni náminu áhuga og þeir vilji í flestum tilfellum bera ábyrgð á því. Mary í *Austurskóla* segir aftur á móti að það þurfi að breyta viðhorfum foreldra í hennar hverfi varðandi uppeldi og menntun. Það verði að kenna foreldrum hvernig þeir geti stutt við bakið á börnum sínum, bæði náms- og félagslega þar sem þá skortir alla þekkingu til þess. Hún vill reyna að gera allt til að fá þessa foreldra í lið með skólanum og telur það mikils virði fyrir framtíð nemendanna.

Kennararnir eru sammála um að samstarfið skili sér á gagnkvæman hátt vegna þess að nemandinn veit af þreföldu eftirlitskerfi sem er sambandið á milli foreldra,

skóla/kennara og nemenda. Kennarinn og foreldrar fylgjast með nemandanum og það heldur honum betur við námið sem skilar sér margfalt til baka, bæði náms- og félagslega. Þegar nemandinn finnur að þessir aðilar eru sammála varðandi leiðir og aðferðir þá fær hann skýr skilaboð og reynir að gera enn betur.

3.2 Upplýsingamiðlun í foreldrasamstarfi

Kennarnir á Íslandi nota netið og tölvupóst mjög mikið og eru afar ánægðir með *Mentorinn* en hann hefur þann tilgang að veita skólasamfélaginu lausnir, þekkingu og þjónustu til aukins árangurs í skólastarfi. Kennararnir nota hann á hverjum degi en þar eru skráðar inn allar upplýsingar um skólastarfið og nemandann og foreldrar hafa aðgang að netinu með lykilorði og geta fylgst með barni sínu. Þeir nota einnig töskubréf og löturpóst og þá sérstaklega í skólanum hjá Eydísi í *Norðurskóla* þar sem fjöldi heimila í því hverfi eiga ekki tölvur og gildir það einnig um flest öll heimili barnanna hjá Mary í *Austurskóla*.

Ensku kennarnir nota að mestu leyti tösku- eða löturpóst en allar upplýsingar um skólastarfið er einnig að finna á heimasíðu skólanna. Báðir kennararnir styðjast við skýrslu sem er einhvers konar einstaklings- og starfsáætlun (e. Planner) þar sem kennari, nemandi og foreldrar eiga að skrifa undir að hausti og skuldbinda sig til að fara eftir henni. Þar er hlutverk hvers og eins vel skilgreint og lögð áhersla á að nemendur beiti sjálfsaga og að markviss endurgjöf frá kennara og foreldrum komi fram vegna námsins. Foreldrar eiga einnig að skrifa undir skýrsluna vikulega til að sýna fram á að þeir fylgist með námi barna sinna. Umsjónakennarinn fylgist með skýrslunni á hverjum morgni þegar hann hittir nemendur til að athuga hvort allir aðilar framfylgi henni.

Kennararnir eru allir sammála um mikilvægi góðs upplýsingaflæðis og telja að það skipti höfuðmáli varðandi samstarfið, þar sem þessir aðilar vinni þá vel saman. Tvöfalt kerfi er í gangi varðandi allar upplýsingar en þær eru í flestum tilfellum settar inn á heimasíður skólanna og fara einnig í tösku- og löturpóst þar sem heimilin eru ekki öll með tölvur og aðgang að netinu.

3.3 Foreldrasamstarf er lykill að góðri lausn

Viðmælendurnir eru sammála um að það er afar góð tilfinning fyrir kennarann þegar foreldrar styðja vel við bakið á honum með því að taka þátt í námi og uppeldi barnsins. Samstarf er lykill að góðri lausn sem skilar sér á margvíslegan hátt í

skólastarfi og til nemenda bæði náms- og félagslega í sambandi við forvarnir eins og reykingar, áfengi og fíkniefni.

Viðmælendurnir telja að foreldrar eigi ekki að stjórna vali á námsefni og segja það vera á ábyrgð skólans og fagmennsku kennara sem eigi að styðjast við *Aðalnámsskrána* (1999). Allir eru sammála um að það sé mikill munur á virkni foreldra varðandi samstarfið á miðstigi og elsta stigi. Foreldrar virðast hafa meiri áhuga á samvinnu og sambandi við kennarann þegar nemendur eru á yngsta- eða miðstigi. Þeir eru ekki vissir um hvort það sé vegna þess að börnin eru að komast á unglingsaldur og vilja ekki foreldrana inn í skólann. Hvort foreldrar telji börnin nógu þroskuð til að standa á eigin fótum og geti talað máli sínu eða að hér sé um tímaleysi foreldra að ræða er ekki gott að segja. Aðstæður fólks eru mismunandi en kennararnir eru sannfærðir að samstarfið skiptir miklu máli varðandi margs konar forvarnir.

Ásdís í *Suðurskóla* segist greinilega finna allt samspilið, það er að vera með góða nemendur og góða foreldra, og hún telur að það skili sér margfalt til baka í öllu skólastarfi. Sumir foreldrar grípi til þess ráðs að senda börnin í heimanám, þar sem nemendur fá aðstoð við nám í skólanum, en það geta verið margar ástæður fyrir því og þá eru „allir glaðir og kátir“ að loknum skóladegi. Ásdís í *Suðurskóla* telur að kennari sýni mikla fagmennsku í starfi þegar hann er í góðu sambandi við foreldra og einnig þegar foreldrar eru í sambandi við kennarann en það eykur mjög mikið ánægju kennarans í starfi. Hún kemur einnig inn á mikilvægi þess að foreldrar tali vel um skólann en það kemur einnig fram hjá öllum viðmælendunum þar sem þeir telja að öll virðing fyrir menntun, skólanum, kennaranum og jákvæð samvinna heimila og skóla skili sér á áhrifaríkan hátt til nemenda bæði félags- og námslega.

Þrír af fjórum kennurunum töldu hlutverk kennarans væri að vera bæði uppalandi og að mennta nemendur. Þeir telja að í starfi þeirra felist heilmikið uppeldi og agi á kostnað menntunar og það sé mikilvægt að þessir aðilar sýni samstöðu í þeim efnum. Eydís í *Norðurskóla* er ekki sátt við þetta mikla uppeldishlutverk og telur að með því sé kennarinn komin út fyrir sitt starfsvið. Hún vill að skólinn sinni hlutverki sínu sem fræðslustofnun fyrst og fremst þar sem helsta hlutverk kennarans eigi að vera að mennta nemendur. Í dag aftur á móti hefur mun meira uppeldi færst inn í skólann sem hún telur ekki vera af hinu góða fyrir menntun barna. Hún vill fá meiri virkni foreldra í þeim efnum og er tilbúin að styðja við bakið á þeim.

Hvorugir íslensku kennaranna vilja fá allar upplýsingar um barnið en Eydís í *Norðurskóla* vill fá slíkar upplýsingar ef þær skipta máli fyrir nemandann í sambandi

við námið. Ásdís í *Suðurskóla* vill aftur á móti uppgötva slíkt sjálf og spjalla síðan við foreldra til að finna góða lausn á vandanum en hún telur nauðsynlegt að „allir nemendur fái jöfn tækifæri“. Báðir ensku kennarnir töldu aftur á móti nauðsynlegt að fá slíkar trúnaðarupplýsingar um nemandann og töldu að það vera mikið hagsmunamál fyrir barnið.

3.4 Félagslegir þættir og fjölmennningarlegt samfélag

Það sem kom fram hjá Mary í *Austurskóla* í Hull, og var mjög ólíkt reynslu hinna viðmælendanna, var að hún sagði fjölda foreldra í hennar hverfi styðja hvorki við bakið á kennaranum né á barninu. Flestir búa í félagslegum íbúðum og Mary í *Austurskóla* segir að nemendur í skólanum eiga erfitt og þarfnist góðs uppeldis og stuðnings frá foreldrum en þeir hafi hvorki þekkingu né áhuga. Hún telur að það sé til mikils að vinna ef hægt væri að kenna foreldrunum í hverfinu uppeldi. Fæstir þeirra hafa enga þekkingu til þess og þeir meta menntun lítis en það hefur mikil áhrif á nemendur og framtíð þeirra. Það gerist þó einnig ýmislegt jákvætt í samstarfi heimila og skóla hjá Mary í *Austurskóla* til dæmis ferðin til Ástralíu þar sem nemendur taka þátt í danskeppni og með í för verða kennarar og foreldrar.

Eve sem kennir í *Vesturskóla* í úthverfi Hull segir að í hennar hverfi sé lítið um félagsleg vandamál en aftur á móti er mikið af annars konar félagslegum erfiðleikum, til dæmis brotnar fjölskyldur og tímaleysi foreldra. Mikið er um skilnaði og margar fjölskyldur hafa blandast saman og ýmsir erfiðleikar geta komið upp í sambandi við það en það líkist vissulega íslensku fjölskyldumynstri.

Það kemur fram í viðtölunum við Mary í *Austurskóla* og Eve í *Vesturskóla* að Bretar eru íhaldssöm þjóð. Nemendur þurfa til dæmis að ávarpa kennarann sinn fröken, frú, herra (e. Ms. Mrs. Mr.) og með eftirnafni (e. Surname) en kennararnir kvarta þó yfir miklu agaleysi hjá nemendum. Allir kennararnir finna mikinn mun á auknu agaleysi hjá nemendum frá því að þeir hófu störf. Í stað þess að fara eftir fyrir mælum kennarans, hika nemendur ekki við að mótmæla honum. Eve í *Vesturskóla* telur að það sé vegna þess að nemendur séu mun upplýstari en áður, hafi meiri skilning og vitneskju um sinn rétt, þeir viti hvað þeir geta gert, hvað þeir megi ekki gera og hvað þeir geti komist upp með í skólagöngunni. Mary í *Austurskóla* og Eve í *Vesturskóla* segja enskt samfélag vera mjög kynja- og aldursskipt og telja það vera afleiðingu þess hversu samfélagið er íhaldssamt. Þær vilja breyta því svo að fjölskyldan verði ekki undir í samfélaginu og kynslóðirnar komi saman og foreldrar

verði að leggja áherslu á að forgangsraða hlutunum. Þær vilja jafnframt að enskir fedur verði sýnilegri í skólastarfinu og sinni ekki einungis íþróttum. Það kemur aftur á móti fram hjá íslensku kennurunum að í flestum tilfellum eru báðir foreldrar virkir í öllu foreldrasamstarfi.

Eydís í *Norðurskóla* þekkir vel til ýmissa félagslegra vandamála í sínum skóla og einnig varðandi innflytjendur þar sem mikill fjöldi þeirra hefur sest að í hverfinu. Hún telur að íslensk stjórnvöld hafi að mörgu leyti brugðist skyldu sinni og einnig skólakerfinu. Þeir hafi ekki áttað sig nógu tímanlega á þeim breytingum sem áttu sér stað þegar landið opnaðist og þessi mikli fjöldi af innflytjendum fór að streyma til landsins. Skólarnir voru ekki viðbúnir að taka á móti slíkum fjölda erlends fólks til landsins með enga tungumálakunnáttu. *Norðurskóli* hefur reynt að sinna þessu fjölmenningsarsamfélagi á metnaðarfullan hátt og komið til móts við foreldra og hefur dreift upplýsingabæklingum um skólann á nokkrum tungumálum. Eydís í *Norðurskóla* telur að innflytjendur séu mjög einangraðir og hafi yfirleitt lítil afskipti af skólanum varðandi foreldrasamstarf. Þeir erfiðleikar sem upp koma á milli heimili og skóla eru mjög oft í sambandi við tungumálið en margir innflytjendur hafa ekki tileinkað sér það og aðlagast því síður þjóðfélaginu. Þeir blandist lítið íslensku þjóðlífi þar sem þeir haldi sig að mestu saman. Í sama streng taka báðir ensku kennararnir um samskiptin við innflytjendur, telja þá einangraða og að þeir blandist lítið ensku þjóðlífi þar sem þeir tileinki sér ekki tungumálið.

Varðandi foreldrasamstarf þá telur Eydís í *Norðurskóla* það mjög stóra spurningu hvort og hvernig sé hægt að ná til foreldra þessara barna og óskar þess að það sé hægt að fá þá meira inn í skólann. Eydís í *Norðurskóla* telur að samstarfið geti haft keðjuverkandi áhrif á jákvæðan hátt þar sem hægt er að virkja foreldra þessara barna á svo margan hátt í stað þess að einangrast. Hún vill sjá stjórnvöld gera ýmislegt róttækt í þeim efnum. Mary í *Austurskóla* kemur inn á árekstra varðandi fjölmenningarlegan skóla þar sem samsetning íbúa er af ýmsum þjóðarbrotum en hún telur að þessir árekstrar standi að miklu leyti í sambandi við trúarbrögð og vankunnáttu í tungumálinu. Hún segir að margir skólar í Englandi standi frammi fyrir þessum vanda en það sé þó í góðum farvegi. Mary í *Austurskóla* telur að það sé nauðsynlegt að heimili og skóli taki á þessum vandamálum til að vekja athygli nemenda á slíkum þjóðfélagsbreytingum. Það ætti að kenna þeim að sýna hverjum öðru skilning, tillitssemi og umburðarlyndi með því að ræða við nemendur um innflytjendur og önnur trúarbrögð. Hún telur jafnframt að það sé lítið um kynþátta-

fordóma í *Austurskóla* þar sem flestir erlendu nemendurnir séu kristnir en vissulega eru heilmiklir fordómar til staðar í þjóðfélaginu. Að hennar sögn eru erlendu nemendurnir afar kurteisir og þakklátir, og þeir standa sig prýðilega í skólanum og hafa mikinn metnað.

Ásdís í *Suðurskóla* þekkir aftur á móti lítið til vandamála í sambandi við innflytjendur þar sem félagslegar aðstæður eru góðar en vissulega eru ýmiss önnur vandamál í hverfinu þar á meðal brotnar fjölskyldur sem minnir mjög á ummæli Eve í *Vesturskóla*. Þær þekkja lítið til þessara vandamála í gegnum starf sitt en þekkja vel til þess í gegnum alla þjóðfélagsumræðu bæði á Íslandi og í Englandi. Það kemur sterkt fram í viðtölunum við Ásdísi í *Suðurskóla* og Eve í *Norðurskóla* að foreldrar í þeirra skólum eru mjög tilbúnir í allt samstarf og þeir reyna að gera allt sem þeir geta til að styðja við bakið á barni sínu.

Mary í *Austurskóla* nefnir einnig sérstaklega einelti á rauðhærðum börnum (e. gínger) og telur að þau verði fyrir mun meiri einelti í *Austurskóla* en nemendur af erlendu bergi brotnu. Þeir eru með sérstök teymi sem vinna að eineltismálum í hennar skóla og hún telur það gefa mjög góða raun.

3.5 Viðhorf kennara til ýmissa leiða í foreldrasamstarfi

Í viðtölunum voru nokkrar leiðir í foreldrasamstarfi til umræðu. Það var til dæmis vinahópar, að heimsækja nemendur, foreldrar sem sjálfboðaliðar í skólastarfi, félags- og forvarnastörf. Það kemur fram í viðtölunum að þær leiðir sem eru virkastar í foreldrasamstarfi í báðum þessum löndum er í sambandi við heimanám, foreldraviðtöl, námskynningar, foreldrafélög, skólaferðalög, kökubakstur, fjáraflanir og foreldraráð. Á Íslandi er einnig ýmislegt samstarf varðandi bekkjafulltrúastarfið þar sem foreldrar eru samstarfsaðilar. Bekkjafulltrúasamstarfið á meðal foreldra þekktist ekki í ensku skólakerfi en þar byggist samvinnan meira við skólann í heild sinni þar sem lögð er áhersla á að foreldrafélögin sé góður stuðningur við allt skólastarfið.

Ásdís í *Suðurskóla* er sú eina sem hefur unnið með vinahóp/hring og telur það samstarf gefa mjög góða raun en hún sér um alla skipulagninu og leggur það síðan í hendur foreldra. Þeir hafa allir tekið þátt í samstarfinu en hún skiptir nemendum í upphafi upp í fimm hópa sem eru eins allan veturinn. Síðan leggur hún þessa samvinnu í hendur foreldra og þeir gera ýmislegt skemmtilegt í vinahópnum/hring oftast inni á heimilum. Eydís í *Norðurskóla* er tilbúin að reyna þessa aðferð þótt henni

finnist hún henta betur yngri nemendum í samstarfi við heimili og skóla. Hún vill huga vel að allri „ábyrgð, markmiðum og skipulagi“ á slíku foreldrasamstarfi. Hvorugir ensku kennaranna hafa heyrt um þessa „vinahópa“ en þeim fannst þetta frábær aðferð til að virkja samstarf heimila og skóla og vilja báðir gjarnan prófa hana. Skólinn verður að sjá um alla skipulagningu og þeir voru sammála um að það verði að fara afar varlega í þeim efnum. Þar sem Mary í *Austurskóla* kennir þekkist fólk lítið innbyggðis vegna þess að hverfið er stórt. Hjá Eve í *Norðurskóla* aftur á móti koma nemendur frá sex þorpum og fólk veit þess vegna lítil deili á hverju öðru. Í báðum tilfellum hjá ensku kennurunum hafa foreldrar lítið sem ekkert kynnst þegar nemendur byrja í unglíng- og miðskóla (e. *Secondary School*) tólf ára enda þekkist ekki bekkjarfulltrúarstarf foreldra í enskum skólum. Mary í *Austurskóla* er sannfærð um að foreldrar þurfi jafnvel að sanna að þeir séu með hreint sakarvottorð svo að allir foreldrar leyfi börnum sínum að fara inn á ókunnug heimili en Eve í *Vesturskóla* telur að það sé hægt að fylgjast betur með aðstæðum heimilanna í hennar skóla.

Viðmælendur voru allir andvígir því að heimsækja nemendur og töldu að bæði skóli og heimili verði að virða einkalíf hvors annars. Það er hægt að hittast í skólanum eða öðru þægilegu umhverfi til að ræða málin eða gera eitthvað skemmtilegt. Þeir voru sammála um að það skiptir engu máli fyrir þá hvort þeir fengju borgað aukalega fyrir slíkt og það var reyndar raunin þegar spurt var um allt félagsstarf fyrir utan samningsbundna vinnu. Að því leytinu til er kennarastarfið ennþá að mörgu leyti hugsjón þar sem kennarnir reyna að mæta á sem flestar félagslegar uppákomur án þess að fá greitt alltaf fyrir þær. Þeir voru allir sammála um að það væri best að kennarar og foreldrar myndu sjá um í sameiningu á skipulagningu á ýmsum uppákomum innan skólans en foreldranna að sjá meira um það félagslega með börnunum.

Eydís í *Norðurskóla* vill sjá enn meiri virkni og frumkvæði hjá foreldrum og telur að foreldrar geti gert mun meira til að styrkja félagslegu hliðina hjá nemendum. Það getur skipt verulegu máli ef foreldrar sýna meira frumkvæði og gera eitthvað skemmtilegt á hverri önn. Allir viðmælendurnir eru tilbúnir til að fá foreldra meira inn í skólastarfið sem sjálfboðaliða varðandi félagslega þáttinn. Íslensku kennararnir töldu þó að það væru ekki markvissar forsendur fyrir því að foreldrar kæmu inn í skólann sem sjálfboðaliðar í kennslunni. Þeir telja kennslu afar vandmeðfarna og þar verði að huga vel að öllum trúnaði gagnvart nemendum og einnig að flestir íslenskir foreldrar eru útívinandi og hefðu ekki tíma til slíks. Það kom mjög sterkt fram í viðtölunum

hjá íslensku kennurunum að allur trúnaður gagnvart nemendum og foreldrum er afar mikils virði og þess vegna sáu þeir það ekki gerast í íslensku skólakerfi. Aftur á móti eru ensku kennararnir tilbúnir til að leyfa foreldrum sem standast þær kröfur að aðstoða nemendur til dæmis í lestri. Það er sterk hefð fyrir því á yngri stigum í grunnskólans (e. *Primary School*) þar sem þeir þekkja báðir vel til en þeir telja jafnframt að það verði að fara varlega varðandi val á foreldrum. Viðmælendurnir eru sammála um að það sé hægt þróa slíkt sjálboðaliðasamstarf en þó er spurning hvort foreldrar í nútíma þjóðfélagi hafi aðstöðu til að gerast sjálboðaliðar í skólasamfélaginu þar sem flestir foreldrar eru útivinnandi.

Eve í *Vesturskóla* vil helst af öllu sjá í framtíðinni að það verði sérstakir foreldradagar í eina viku á hverri önn þar sem foreldrar koma inn í skólann á venjulegum skóladegi til að kynnast skólastarfinu í raun svo þeir fái betri skilning á það sem er að gerast innan veggja skólans. Hinir viðmælendurnir voru einnig tilbúnir í þannig markvisst skólasamstarf ef það er vel skipulagt og þjónar einhverjum tilgangi.

3.6 Þróun samstarfs heimila og skóla

Kennararnir eru allir sammála um að foreldrasamstarf hafi þróast mjög mikið frá því að þeir byrjuðu að kenna og eru samtökin Heimili og skóla, P.T.A. (e. Parent Teacher Association) og íslenska *Mentor* skráningarkerfið til vitnis um það, og þeir telja það í stöðugri þróun. Þeir segjast finna mikinn mun á sambandi milli heimila og skóla sem hefur aukist á undanförunum árum og telja það afar jákvætt. Hjá ensku kennurunum eru það aðallega mæðurnar sem sjá um samskiptin á meðan báðir foreldrar eru virkir hjá íslensku kennurunum.

Kennararnir telja að það skipti öllu máli að það sé mikil jákvæðni innan skólans á meðal starfsfólksins en það smitar út frá sér til foreldra og barna. Þeir nefna allir mikilvægi þess að samstarfið sé ekki aðeins tvær leiðir, það er í rauninni þrefalt eftirlit í skólasamfélaginu sem eru nemendur, foreldrar og starfsfólk skólans. Þeir telja brýnt að þessir hópar vinni vel saman þar sem sterk samstaða þessara aðila auki líkurnar á árangursríku skólastarfi. Kennarinn á að vera stoð og stytta nemandans í öllu skólastarfi þar sem hagsmunir hans eru hafðir að leiðarljósi en um það snýst miðpunktur alls samstarfs á milli heimila og skóla.

Kennararnir á Íslandi voru báðir búnir að sækja námskeið um foreldrasamstarf en hvorugum viðmælenda í Englandi hafði staðið slíkt námskeið til boða en þeir höfðu tekið ýmiss önnur námskeið í sambandi við kennarastarfið. Viðmælendurnir eru

allir tilbúnir að sækja námskeið varðandi samstarf heimila og skóla með það í huga að styrkja tengslin á milli þessara aðila enda telja þeir að ánægðir foreldrar hafi mjög jákvæð áhrif á allt skólasamfélagið.

4. Umræða um niðurstöður

Það sem réði úrslitum að ég valdi þetta umfjöllunarefni um formlegt foreldrasamstarf er að mér finnst það mjög áhugaverð fræði bæði sem foreldri og væntanlegur kennari. Einnig tel ég að það sé mikil þörf fyrir slíka umfjöllun út frá faglegri þekkingu fyrir kennara í samvinnu heimili og skóla þar sem foreldrar eru mikilvægur hlekkur í öllu skólastarfi. Ýmsar raddir hafa heyrst varðandi nauðsyn þess að hafa skyldunámskeið um samstarf heimila og skóla í kennararnámi svo að væntanlegir kennarar verði betur í stakk búnir til að takast á við starfið og að samskonar niðurstöðum komust Nanna Kristín Christiansen (2005:50), Elísabet Svavarsdóttir og Ólafur Guðmundsson í sínum rannsóknum (1996:33).

Í rannsókn minni kom fram að skólakerfin á Íslandi og í Englandi eru talsvert íhaldssöm og þarfnast breytinga svo þau falli betur að kröfum foreldra í nútíma þjóðfélagi. Við lifum í fjölmeningarsamfélagi þar sem fjölbreytileikinn ræður ríkjum og foreldrar krefjast árangurs í skólastarfi og það styður rannsóknir Nönnu Kristínar Christiansen (2005:28) og Zygmunt-Fillwalk (2006). Í viðtölunum kemur einnig fram að samstarfið á milli heimila og skóla hefur eflst til muna bæði á Íslandi og í Englandi á undanförunum árum en í þessum samfélögum virðast gamlar hefðir hindra það á ýmsan hátt. Það kemur heim og saman við kenningar Berger (2004:7) en hún bendir á þá tíma í skólastarfinu þegar foreldrar voru illa nýtt afl og segir að kennarar megi ekki vera yfir foreldra hafnir heldur eru þeir samstarfsmenn.

Niðurstöður minnar rannsóknar sýna glöggð það viðhorf kennaranna að þeir voru sammála um mikilvægi samstarfs heimila og skóla þar sem virk tengsl á milli þessara aðila skili sér í betra skólastarfi. Hún sýnir fram á að skólarnir eru með reglur varðandi samstarfið sem kennarar eiga að framfylgja eins og móttaka nemenda og foreldra á haustin, námskynningar, foreldraviðtöl, upplýsingamiðlun og stuðningur við foreldra vegna heimanáms. Þetta þekki ég af eigin reynslu og tel það nokkuð athyglisvert en samstarfið í báðum löndunum virðist beinast fyrst og fremst að þessum liðum auk foreldrafélaga sem sjá um ýmiss konar fjáraflanir. Þessar niðurstöður eru í samræmi við rannsóknir Bonilla (1998) þar sem hann vísar meðal annars í rannsókir Smekar (1996). Hann bendir á að sambandið megi ekki eingöngu byggjast á móttöku nemenda á haustin, foreldraviðtölum eða ef eitthvað neikvætt kemur upp varðandi barnið heldur verður samvinnan að vera fjölbreytt og við hæfi allra.

Samkvæmt rannsókn minni eru ýmsar leiðir færar til að efla samstarfið. Það er til að mynda hægt að styrkja sambandið á milli heimila og skóla til muna með því að bjóða foreldrum og nemendum í skólann. Hægt er að hafa sögu eða ljóðaupplestur, tónlist, dans, ræðukeppni, taka fyrir ákveðið þema í samfélagsgreinum eða fá foreldra í samstarf varðandi umhverfismenntun. Það er mikils virði ef umsjónarkennari hefur frumkvæði varðandi foreldrakvöld í tengslum við námsefnið þar sem foreldrar og nemendur koma saman í skólanum. Ég tel mjög góða leið til úrbóta ef hægt er að stuðla að bekkjakvöldum í tengslum við foreldrasamstarfið með sýningu á afrakstri nemenda í formi verkefna, leikrita, framsagna eða hafa spilakvöld og ýmiss námskeið í tengslum við margs konar forvarnarstarf. Markmiðið með því samkvæmt Kristni Breiðfjörð Guðmundssyni (1993) er að veita foreldrum fræðslu til að efla sjálfstraust þeirra og skapa með þeim jákvæðni til samstarfs.

Fjölmörg áhugaverð atriði komu fram í viðhorfum kennaranna til formlegs foreldrasamstarfs í þessari rannsókn. Þeir vilja sinna því af mikilli kostgæfni en mér sýnist að þá vanti meiri tíma fyrir það innan ramma starfsins og verður vonandi fundin lausn á því í næstu kjarasamningum. Samstarf innan bekkjarins hefur verið með minna móti hjá íslensku kennurunum í vetur en það er í ljósi þess að oft virðist draga úr samstarfi hjá tólf ára nemendum. Þó hefur verið gert ýmislegt skemmtilegt í bekkjarsamstarfinu í vetur, bæði með kennurum og foreldrum enda af nógu að taka. Aftur á móti þekkist bekkjarsamstarfið ekki innan enska skólakerfisins heldur er foreldrasamstarfið meira skólinn í heild sinni. Þær spurningar vakna í rannsókninni og ég velti fyrir mér hvort foreldrasamstarfið sé mun öflugra í íslenska skólakerfinu þar sem bekkjarsamstarfið getur verið afar virkt. Það getur til dæmis stuðlað að virkum tengslum á milli foreldra í bekknum en þannig geta foreldrar stutt verulega við bakið á hver öðrum í sambandi við útivistartíma eða unnið saman að forvörnum. Mín niðurstaða í þessu efni er sú að með bekkjarsamstarfinu kemst á meiri nánd milli heimila, skóla og foreldra á Ísland en er raunin í Englandi. Í ljósi þess hve Ísland er lítið land þar sem allir þekka alla af afspurn eins og sagt er sýnist mér að hægt sé að hafa meiri fjölbreytni í samstarfi við foreldra. Þar er hægt að bjóða börnum heim til bekkjarsystkina á meðan foreldrar í Englandi myndu í flestum tilfellum ekki þora slíku nema viðkomandi aðilar leggi hreinlega fram sakarvottorð til skólayfirvalda. Íslendingar treysta ennþá náunganum á meðan Englendingar eru mun tortryggjari í garð náungans og taka ekki neinu sem sjálfgefnu í þeim efnum.

Niðurstöður mínar sýna að kennararnir leggja mikið upp úr því að vera faglegir í öllu samstarfi þar sem hagsmunir nemenda eru hafðir í fyrirrúmi. Þeir leggja áherslu á trúnað og siðareglur í starfi og töldu jafnframt mikilvægt að gott samstarf á milli þessara aðila byggðist á gagnkvæmri virðingu og trausti. Með fjölbreyttum leiðum í foreldrasamstarfi og stöðugri þróun er sýnt fram á mikilvægi þess í rannsókn minni að kennari geti brugðið sér í hlutverk ráðgjafans til að styðja við bakið á foreldrum. Þær gefa vísbendingar um nauðsyn þess að kennari sé leiðandi í foreldrasamstarfi til að virkja foreldra markvisst í samstarfinu og sérstaklega í sambandi við heimanám nemenda. Rannsókn mín gefur einnig sterklega til kynna að jákvæðir foreldrar hafa góð áhrif á skólastarfið og geti létt verulega undir störfum kennarans en það er í samræmi við niðurstöður Epstein o.fl., (2002:291) sem segja verður að sé umhugsunarvert fyrir skólasamfélagið.

Nútíma þjóðfélag hefur breyst mjög mikið þar sem báðir foreldrar eru í flestum tilfellum útivinnandi. Skólaárið hefur einnig lengst á Íslandi og samverustundum fjölskyldunnar fækkað í samræmi við það. Þetta segir mér að skólinn verði að koma til móts við breytt þjóðfélag og að efla þurfi samstarfið á milli þessara aðila. Það er athyglisvert hvað öll fræðsla og upplýsingatækni er mjög mikilvægur þáttur í foreldrasamstarfi. Viðmælendurnir í þessari rannsókn minni eru sammála um að aukið upplýsingaflæði til foreldra sé ein af helstu forsendum þess að hægt sé að efla til muna allt samstarf. Tölvunotkun hefur aukist undanfarin ár en sá samskiptamáti er nýttur í þremur af fjórum skólum viðmælenda minna. Það á einnig við um allar upplýsingar um skólann, starfsáætlanir, nám og félagslegar uppákomur. Mér finnst mjög áhugavert, sem kemur fram í viðtölunum við íslensku kennarana, að aðgengi foreldra á rafrænum upplýsingum er afar mikilvægt þar sem kennarar skrá allar upplýsingar um nemendur í *Mentor* skráningarkerfið eins og áður hefur komið fram. Foreldrar hafa aðgang að þessu kerfi með lykilorði og geta fylgst með barni sínu og einnig haft samband við kennarann ef þörf krefur. Það var til tölva á nánast hverju einasta heimili barnanna hjá Ásdísi í *Suðurskóla* en mun færri hjá Eydísi í *Norðurskóla* og oftast er einnig sendur tösku- og löturpóstur heim í báðum skólunum. Tölvur eru einnig mikið notaðar í *Vesturskóla* hjá Eve í sambandi við alla upplýsingamiðlun enda eiga flest heimilin þar tölvu og allar upplýsingar um skólann eru settar inn á netið hjá Mary í *Austurskóla* þrátt fyrir að örfá heimili eigi tölvur. Einnig kemur fram í rannsókninni að skólar verði að hafa nauðsynlegar upplýsingar um alla nemendur en það er algengt vandamál í *Austurskóla* hjá Mary að þeir séu ekki

með rétt símanúmer en það tel ég vera vítavert athæfi af hálfu foreldra gagnvart börnum sínum. Þessar niðurstöður tel ég vera athyglisverðar í ljósi þess hve gagnkvæm upplýsingamiðlun er mikilvæg í samstarfinu og stór þáttur í nútíma samfélagi.

Það sem kemur glöggt fram í viðtölunum við ensku kennarana og vakti sérstaka athygli mína er hve stéttarskipting er enn rík í ensku samfélagi. Þar kemur svo greinilega fram að efnaðir og vel menntaðir foreldrar eru betur í stakk búnir að veita börnum sínum fleiri tækifæri í lífinu. Þessi stéttarmunur er vissulega einnig til staðar á Íslandi í þeim hverfum þar sem viðmælendur mínir starfa en hann virðist ekki vera eins augljóst samfélagsvandamál. Hér má draga þá ályktun að stéttarstaða, fjárhagur og stuðningur foreldra getur skipt miklu máli fyrir framtíð barnsins þar sem fátækir foreldrar geta síður veitt börnum sínum ýmis tækifæri en þarfir allra barna eru þær sömu samkvæmt rannsóknum Olsen og Fuller (2003:279-280). Þetta tel ég vera mikið umhugsunarefni því heimilisaðstæður og námsárangur getur haft mjög mikil áhrif á framtíð barnsins.

Rannsókn mín sýnir svo ekki verður um villst að það er mikilvægt að foreldrar og starfsmenn skólans geri sér grein fyrir að uppeldi og menntun hvers barns er samstarfsverkefni. Það ætti að leiða til þess að skólagangan verði mun ánægjulegri og skólastarfið sýnilegra. Einnig kemur fram í rannsókninni að þrír af fjórum kennurunum telja eðlilegt að fá sem flestar upplýsingar um nemandann ef það gagnast honum bæði náms- og félagslega. Það leiðir hugann að því hvernig skólinn og kennarar geta stutt enn betur við bakið á foreldrum til að takast á við daglegt nám barna sinna.

Þessi rannsókn styður einnig niðurstöður fjölmargra rannsókna (Berger 2004, Bonilla 1998, Broyles 2001, Epstein o.fl. 2002, Olsen og Fuller 2003, Smekar 1996, Áslaugar Brynjólfsdóttur 1998, Ernu Bjarkar Hjaltadóttur 2003, Nönnu K. Christiansen 2005, Elísabetar Svavarsdóttur og Ólafs Guðmundssonar 1996) um mikilvægi þess, að skólarnir hugi vel að breyttu þjóðfélagi með það í huga að efla samstarf heimila og skóla. Þrír viðmælendanna vilja sjá meiri sveigjanleika í framtíðinni varðandi samstarfið þar sem flestir foreldrar eru útvinnandi og einnig fleiri úrræði fyrir nemendur. Báðir ensku kennararnir vilja gjarnan sjá eina opna viku á hverju skólastigi þar sem foreldrar geta komið í heimsókn til að kynna skólastarfinu í rétttri mynd. Aftur á móti eru íslensku kennararnir nokkuð sáttir með samstarfið eins og það er þó ætíð megi gera betur í þeim efnum en þeim finnst

mikilvægt að allir séu í sama liði. Ég tel að það sé hægt að efla samstarfið og þá sérstaklega í ensku skólunum. Þar myndi ég vilja koma á bekkjarsamstarfi meðal foreldra en mín reynsla er sú að það skili sér á mjög jákvæðan hátt í samstarfinu á Íslandi. Ég er hrifin að vinahringjum þar sem foreldrar kynnast innbyggðis og tel þá þroska nemendur bæði náms- og félagslega en þeir virðast oft leggjast af þegar nemendur eru tólf ára. Það er einnig hægt að hafa fleiri félagslegar uppákomur og þá gjarnan í sambandi við forvarnarstörf, samfélags- og umhverfismál svo eitthvað sé nefnt.

Það kemur fram í niðurstöðum mínum að vestræn þjóðfélög eru ekki nægilega fjölskylduvæn þar sem kynslóðirnar virðast koma æ sjaldnar allar saman og það hafi slæm langtímaáhrif á börnin sem erfa eiga landið. Það tel ég mjög umhugsunarvert í ljósi þess að Berger (2004) komst að þeirri niðurstöðu í rannsókn sinni að það sé mjög mikill ávinningur fyrir barnið þegar ömmur og afar komi að uppeldi og námi barnabarna sinna (bls. 119). Ennfremur bendir margt til þess í rannsókn minni að aukin fjölmening eigi sér stað í báðum löndunum. Það er athyglisvert að innflytjendur virðast ekki samlagast nógu vel þessum samfélögum, meðal annars vegna vankunnáttu í tungumálunum. Foreldranir vinna flestir láglaunastörf og geta síður stutt við bakið á börnum sínum og er það sannarlega umhugsunarefni fyrir bæði þessi skólasamfélög. Berger (2004) bendir á mikilvægi þess að kennari geri sér grein fyrir menningarbreytingum í þjóðfélaginu og bendir á að kennari verði að einblína á styrkleika hvers barns (bls. 144). Ég tel því afar mikils virði að kennarar miðli faglegri reynslu sinni til foreldra svo þeir fái góða leiðsögn varðandi uppeldi og menntun. Ég álit að þannig hafi þeir frekar tækifæri til að veita börnum sínum stuðning, bæði félags- og námslega, og allir nemendur njóta sömu tækifæri til menntunar.

Athyglisvert er að niðurstöður mínar sýna fram á að allir viðmælendurnir eru tilbúnir í enn meiri samstarf við foreldra. Þeir vilja að samstarfið beinist í ríkara mæli að menntuninni sjálfri þar sem þeir eru tilbúnir að styðja við bakið á foreldrum. Samstarfið verður að vera innan ákveðinna marka og þeir telja það einkennast helst af upplýsingaráðgjöf og ráðgjafarhlutverki en það er í samræmi við rannsóknir Nönnu Kristínar Christiansen (2005:95-96) og Ernu Bjarkar Hjaltadóttur (2003:33). Það kemur glögglega fram í viðtölunum að hlutverkaskiptin verða að vera skýr á milli kennara og foreldra en þeir telja að foreldrar beri fyrst og fremst ábyrgð á barni sínu. Viðmælendur mínir vilja ekki gefa eftir af því sem þeim finnst tilheyrja sínu fagsviði og þeir telja sitt hlutverk fyrst og fremst að kenna nemendum og vilja fá að stjórna því

sem fram fer í kennslustofunni. Þessar niðurstöður mínar koma heim og saman við rannsóknir Nönnu Kristínar Christiansen (2005) en þar segir að margir kennarar líti fyrst og fremst á hlutverk sitt að aðstoða nemendur við nám en þeir eigi ekki að sinna uppeldi þeirra (bls. 19). Af þessu má draga þá ályktun að afar mikilvægt sé að móta skýrar reglur sem þessir aðilar geta notfært sér í foreldrasamstarfi varðandi nám og uppeldi. Ég tel að stjórnvöld verði að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að skapa slíkar kjöraðstæður fyrir foreldra svo þeim finnist þeir vera velkomnir í skólann. Einnig þarf að nýta allt það upplýsingaflæði sem er til staðar í nútíma þjóðfélagi en þegar þessir aðilar gera sér grein fyrir notagildi gagnkvæms upplýsingaflæðis myndast enn sterkara samband og traust á milli þessara aðila samkvæmt rannsóknum Elísabetu Svavarsdóttur og Ólafs Guðmundssonar (1996:14-15).

Þegar viðhorf viðmælenda minna til foreldrasamstarfs eru skoðuð kemur í ljós að megin niðurstaða þeirra er nokkuð samhljóma, þeir eru tilbúnir í meiri samstarf við heimilin þannig að foreldrar verði frekari þátttakendur í skólastarfi barna sinna. Þeir vilja vera faglegir í starfi og fara eftir lögum og reglugerðum til að skapa kjöraðstæður fyrir alla aðila í skólasamfélaginu. Rannsókn mín sýnir fram á að samstarf heimila og skóla sé í raun þrefalt eftirlitskerfi, það er nemandi, foreldrar og starfsmenn skólans og það virkar mjög hvetjandi á alla aðila innan skólasamfélagsins. Með því að snúa bökum saman og vinna markvisst og faglega að metnaðarfullu foreldrasamstarfi getur það haft veruleg áhrif á framtíð nemenda. Hlutverk kennarans er að kenna og vernda nemendur á allan hátt og hann á ætíð að hafa það í huga eins og Eydís í *Norðurskóla* komst að orði að „kennarinn á að vera þinn stuðningur og klettur í öllu foreldrasamstarfi“. Það skiptir máli fyrir þessa rannsókn í ljósi þess að viðmælendurnir eru sammála um að stuðningur foreldra í öllu skólastarfi er afar mikilvægur og létti undir störfum kennarans.

Lokaorð

Það sem mér þótti markverðast í þessari rannsóknarvinnu var að rannsaka viðhorf hjá kennurum í tveimur löndum, það er á Íslandi og í Englandi varðandi samstarf heimila og skóla. Gerður var samanburður á foreldrasamstarfi í þessum löndum og kannað hvað var líkt og ólíkt í þeim efnum. Breyttir samfélagshættir krefjast nýrra viðhorfa og væntinga til hlutverks kennarans og skólans. Mig langaði til að kynna því hvernig þessar breytingar koma fram í samstarfi við foreldra í nútíma þjóðfélagi í báðum löndunum. Það sem vakti athygli mína í tengslum við rannsóknir á foreldrasamstarfi er hve það er mikilvægur þáttur í öllu skólastarfi og getur haft veruleg áhrif á framtíð nemandans.

Meginmarkmið rannsóknarinnar var að afla og miðla hagnýtum upplýsingum um formlegt foreldrasamstarf í tveimur löndum og bera þau saman með það í huga að þær nýttust í faglegri umræðu og allri skólaþróun. Þar var gert til þess að kanna hvort skólinn og starfsmenn hans geri sér grein fyrir forystuhlutverki sínu þar sem kennarinn á að vera í ráðgjafar- og forystuhlutverki gagnvart foreldrum. Mér þótti mjög áhugavert að komast að því að umsjónarkennari á Íslandi er lykilmáður í samstarfi um málefni nemenda og bekkjarins en ekki í Englandi. Ég tel afar mikilvægt fyrir kennara að fá foreldra í lið með sér til að styðja við bakið á barninu. Flestir foreldrar vilja koma meira að námi barna sinna og einnig félagsstörfum, eins og vinahópum, spila- og kökukvöldum, ferðalögum og námskeiðum í forvörnum. Ég álit að heimili og skóli eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta sem er velferð barnsins ásamt árangri í öllu skólastarfi þar sem samstarfið verður að byggja á gagnkvæmum skilningi, tillitssemi og jákvæðum viðhorfum foreldra og kennara til skólans.

Ég hef túlkað niðurstöður viðmælenda minna þannig að kennari verður ávallt að nota innsæi sitt, lífsreynslu, jákvæðni og vera raunsær persónuleikar til að geta skipulagt gott foreldrasamstarf. Þannig getur kennari snúið skólastarfinu til betri vegar með góðu samstarfi við foreldra en kennari verður þó fyrst og fremst að vera faglegur í starfi þar sem hagsmunir nemandans eru alltaf hafðir að leiðarljósi.

Það hefur verið mér afar lærdómsríkt að vinna að þessari rannsókn. Hún hefur veitt mér aðra sýn á mikilvægi formlegs foreldrasamstarfs sem getur verið lykill að góðri lausn í skólastarfi. Ég tel mig eftir þessa rannsókn hafa betri þekkingu og skilning á hlutverki kennarans hvað foreldrasamstarf varðar. Einnig fannst mér mjög

áhugavert að kynna mér muninn á sjónarhorni kennaranna til samstarfs heimila og skóla í þessum tveimur löndum, það er á Íslandi og í Englandi.

Framtíðarsýn mín er sú að samstarf heimila og skóla eigi eftir að eflast til muna á næstu árum þar sem foreldrar fá fleiri tækifæri að vera sýnilegri og taka meiri þátt í öllu skólastarfi. Það getur gerst meðal annars með auknu upplýsingaflæði og jákvæðu hugarfari starfsfólks grunnskólans en það skilar sér til nemenda bæði náms- og félagslega. Skólinn og starfsfólk hans hafa val í þeim efnum en þeir kennarar sem velja að vinna faglega og markvisst með miklum metnaði uppskera það að jákvæðir og ánægðir foreldrar gerir starf kennarans léttara, skemmtilegra og fjölbreyttara.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti. 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Anna Birna Almarsdóttir. 2005. Faraldsfræði í dag. Eigindlegar aðferðir.
Læknablaðið, 2 (91) 211. Vefslóð: <http://laeknabladid.is/2005/02/nr/1974>.
[Sótt 26. mars 2007.]

Áslaug Brynjólfsdóttir. 1998. „Við þekkjum börnin okkar best“ *Hafa foreldrar þau áhrif sem þeir vildu á skólastarf og á hvað leggja þeir áherslu í samstarfi við skólann?* [Ópr. M.Ed.-ritgerð.] Reykjavík, Kennaraháskóli Íslands.

Barnaverndarlög nr. 80/2002. [Sótt 10. febrúar 2007.]

Berger, E. H. 2004. *Parents as Partners in Education. Families and Schools Working Together*, 6. útgáfa. Upper Saddle River, New Jersey, Merrill.

Björn Bjarnason. 1997. *Frá orðum til athafna. Samstarf heimila og skóla í leik- og grunnskólum.* Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Bonilla, Julina Bastidas. 1998. *A Collaborative Effort in Parent Involvement at Berkeley High School.* Vefslóð:
<http://www-mcnair.berkeley.edu/98journal/jbonilla/>. [Sótt 6. mars 2007.]

British Council. Vefslóð:
<http://www.britishcouncil.org/usa-education-uk-system-k-12-curriculum-england.htm>. [Sótt 16. febrúar 2007.]

Broyles, Jeffrey, Lynn. 2001. *Middle School Teachers 'and Parents' Attitudes Toward Parent Partnerships that Promote Homeschool Collaboration.*
Vefslóð: <http://sc.lib.muohio.edu/dissertations/AAI3018775/>.
[Sótt 6. febrúar 2007.]

Children Act 2004. *Every Child Matters. Change For Children.* Vefslóð:
<http://www.everychildmatters.gov.uk/strategy/guidance/>.
[Sótt 6. febrúar 2007.]

Department for Education and Skills. Vefslóð: <http://www.dfes.gov.uk/>.
[Sótt 16. febrúar 2007.]

Directgov. 2007, 5. febrúar. *Major Review of the Secondary Curriculum for 11-14 Year Olds Published to Day.*
Vefslóð: http://www.direct.gov.uk/en/NI1/Newsroom/DG_066277.
[Sótt. 16. febrúar 2007.]

East Riding Of Yorkshire Council. Vefslóð: <http://www.eastriding.gov.uk/>.
[Sótt 16. febrúar 2007.]

Education Act 1996. *Section 7 og 9.* Vefslóð:
<http://www.opsi.gov.uk/ACTS/acts1996/96056--a.htm>. [Sótt 20. mars 2007.]

- Elísabet Svavarsdóttir og Ólafur Guðmundsson. 1996. *Samstarf heimila og skóla. Áherslur og leiðir*. Upplýsingarit. Kópavogsskóli.
- Epstein, Joyce L. o.fl. 2002. *School, Family, and Community Partnerships. Your Handbook for Action*, 2. útgáfa. Thousand Oaks, California, Corwin Press.
- Erna Björk Hjaltadóttir. 2003. *Árangursrík samskipti foreldra og kennara í viðkvæmum málum*. [Ópr. M.Ed.-ritgerð.] Reykjavík, Kennaraháskóli Íslands.
- Henderson, A. T., & Berla, N. 1994. *A New Generation of Evidence: The Family is Critical to Student Achievement*. Washington, DC, National Committee for Citizens in Education.
- Heimili og skóli. 1992. Landssamtök foreldra. *Um okkur*.
Vefslóð: <http://www.heimiliogskoli.is/>. [Sótt 10. september 2006.]
- Hoyle, Rick H., Harris, Monica J. og Judd, Charles M. 2002. *Research Methods in Social Relations*, 7. útgáfa. Victoria, Wadsworth.
- Kennarasamband Íslands. *Síðareglur kennara*. Vefslóð: <http://ki.is/pages/492>.
[Sótt 10. apríl 2007.]
- Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson. 1993. *Vegprestur*. Samskipti heimila og skóla.
Vefslóð: <http://www.ismennt.is/vefir/sfs/vegprsamkrbrei.html>.
[Sótt 11. janúar 2007.]
- Lilja M. Jónsdóttir. 2003. „*Ánægðir foreldrar eru bestu bandamenn kennara*“.
Vefslóð: <http://vefur.khi.is/sidur/grunndeild/namskeid/grunnskolin...>
[Sótt 16. febrúar 2007.]
- Lög um grunnskóla nr. 66/1995*. [Sótt 20. janúar 2007.]
- Nanna Kristín Christiansen. 2005. *Faglegt hlutverk kennara í foreldrasamstarfi*.
[Ópr. M.Ed.-ritgerð.] Reykjavík, Kennaraháskóli Íslands.
- NASUWT. National Association of Schoolmasters Union of Women Teachers. 1998.
The Human Rights Act. Vefslóð: <http://www.nasuwat.org.uk/>.
[Sótt 10. mars 2007.]
- National Curriculum. 2000. Vefslóð:
<http://www.standards.dfes.gov.uk/locate/curriculum/nationalcurriculum/>.
[Sótt 16. febrúar 2007.]
- NUT. National Union of Teachers. <http://www.teachers.org.uk/>. *The NUT'S Response to the DfES Green Paper: 'Youth Matters'*. [Sótt 10. mars 2007.]
- Olsen, Glenn og Fuller, Mary Lou. 2003. *Home-School Relations. Working Successfully with Parents and Families*, 2. útgáfa. Boston, Allyn and Bacon.
- P.T.A.s. National Advancing Education Supporting PTAs. *About Us*.

Vefslóð: <http://www.ncpta.org.uk/>. [Sótt 16. febrúar 2007.]

Smekar, Claire. 1996. *The Impact of School Choice and Community: In the Interest of Families and Schools*. NY, University of New York Press.

Unnur Halldórsdóttir. 1995. *Foreldraráð. Hugmyndir um stofnun og starfsemi foreldraráða við grunnskóla*. Reykjavík. Heimili og skóli.

Umboðsmaður barna. *Barnavernd*. Vefslóð: <http://www.barn.is/barn/adalsida/forsida/>. [Sótt 12. febrúar 2007.]

Zygmunt-Fillwalk, Eva. 2006. *Encouraging School Success Through Family Involvement Childhood Education. Issue, 226F (1)*.
Vefslóð: <http://www.proquest.com/division/cs-support.shtml>.
[Sótt 28. mars 2007 úr ProQuest gagnagrunninum.]

Viðmælendur

Ásdís Héðinsdóttir. 2006. Viðtal höfundar við Ásdísi Héðinsdóttur kennara í *Suðurskóla*. 15. nóvember.

Eydís Ólafsdóttir. 2006. Viðtal höfundar við Eydísi Ólafsdóttur kennara í *Norðurskóla*. 13. nóvember.

Logan, Mary. 2007. Viðtal höfundar við Mary Logan kennara í *Austurskóla*. 28. janúar.

Robinson, Eve. 2007. Viðtal höfundar við Eve Robinson kennara í *Vesturskóla*. 26. febrúar.